



SKÓGRÆKTARFJELAG
ÍSLANDS

ÁRSRIT
1936

Kaupið

timbur, glugga, hurðir og lista

hjá stærstu timburverzlun og trjesmiðju landsins.
Hvergi betra timburverð.

Kaupið gott efni og góða vinnu.
Þegar húsin fara að eldast, mun
koma í ljós, að það margborgar sig.

**TIMBURVERZLUNIN
VÖLUNDUR H.F.
REYKJAVÍK.**

Sími 1431. Símanefni: Völundur.

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFJELAGS ÍSLANDS

1936



REYKJAVÍK MCMXXXVI - ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.

Efnisyfirlit.

Hákon Bjarnason: Frá ferðum mínum sumarið 1935	bls. 5
- - Friðun Bæjarstaðarskógar	- 45
Kofoed-Hansen: Um stofnun skóglendis og friðun skóga	- 57
Hákon Bjarnason: Einar Helgason, garðyrkjustjóri	- 61
- - Frants Muus	- 64
- - Skýrsla um vinnu og gróðursetningu í stöð félagsins í Fossvogi	- 67
M. Júl. Magnús: Félagsstarfsemi 1935	- 63
Reikningur yfir tekjur og gjöld árið 1935	- 74
Ýmislegt	- 76




Fig. 1. Forest of spruce and fir on a steep slope. (A) Spruce forest on a steep slope.

Hákon Bjarnason:

Frá ferðum mínum sumarið 1935.

Í grein þeirri, sem hér fer á eftir, mun ég skýra frá ferðum mínum um landið í sumar, sem leið, og því helzta, er fyrir augun bar og í frásögur er færandi.

Hinn 29. marz fór ég austur að Laugarvatni til þess að líta á girðinguna umhverfis skóglendið þar, sækja þangað nokkrar trjáplöntur og ennfremur til þess að tala nokkur orð til nemandanna við skólaslit. Girðingarnar umhverfis skóglendin eru sumstaðar orðnar mjög lélegar, og er brýn nauðsyn á að hressa þær við og bæta inn í þar, sem vantar. Uppi á fjallinu fyrir ofan Laugarvatn hafa girðingarnar aldrei náð saman, og því hefur fé jafnan getað runnið ofan í skóginn, þannig að á sumrin hefur stundum virzt svo sem þarna væri fjákró, en ekki skógar-girðing. Á vetrum hefur girðingin aftur komið að haldi, af því að hún hefur forðað skóginum frá vetrarheit. Það, sem ábótavant er við þessa girðingu, verður reynt að laga á þessu sumri.

Guðmundur Ólafsson kennari, sem hefur umsjón með skóglendinu þarna eystra, tók fyrir mig upp nokkrar bjarkir í fyrravor, áður en klaki fór úr jörðu. Plönturnar voru um 1-2 metrar á hæð, og voru þær teknar upp með álíka stórum hnaus og lim þeirra var að ummáli og um 15 cm þykkum. Hnausinn var vafinn í striga, og var þess gætt, að hann yrði fyrir sem allra minnstu hnjaski. Síðan var plöntunum ekið til Reykjavíkur og þær gróður-

settar þar. Lifðu þær allar góðu lífi í haust, en sem við var að búast, höfðu þær ekki bætt miklu við vöxt sinn í sumar.

Önnur ferð mín á þessu vori var um Borgarfjörðinn. Fór ég frá Reykjavík þann 16. apríl og beina leið að Reykholti. Erindið þangað var að líta á haganlegt garðstæði fyrir skólann og varð brekkan sunnan undir skólanum og flötin þar suður af fyrir valinu. Því miður var búið að byggja þvottahús rétt undan skólaveggnum á mjög óhagkvæmum stað, og varð því að krækja fyrir það, ef ná ætti Snorralaug innan girðingarinnar. En af því að ekki var neinn vafi á, að laugin væri bezt komin innan girðingarinnar, var girðingin sett þar upp í sumar, eins og ég mældi fyrir henni í þessari ferð. Lengd hennar er um 400 metrar.

Næsta dag var skólauppsögn í Reykholti, og flutti ég þar stutt erindi um svipað efni og á Laugarvatni, en að því loknu hélt ég að Kleppjárnsreykjum. Hafði ég þó nokkra viðdvöl í Skáney, þar sem húsfreyjan, Helga Hannesdóttir, hefur komið upp laglegum trjáreit. Garður þessi er ekki ýkja gamall, en er að verða all snotur. Væri vel, ef húsfreyjur þessa lands væru jafn áhugasamar um trjárækt og þær Helga í Skáney, Guðbjörg í Múlakoti og ýmsar fleiri, sem of langt yrði upp að telja.

Ég tafði einnig stundarkorn við Deildartungu til þess að líta á girðingar tvær, sem settar voru þar fyrir nokkrum árum, í því skyni að þar yxu upp trjálundir. Þegar lokið var við að girða, var bjarkarfræi sáð í reitina, en sú sáning hefur engan árangur borið, af því að landið hljóp allt í gras, og mun það hafa kæft þær plöntur, sem upp kunna að hafa komið. Helga Hannesdóttir stakk upp á því, að kvenfélagið þar í sveit fengi aðra girðinguna til umráða, til þess að planta í hana trjam. Máli þessu hefur vart verið hreyft við landeiganda enn, en gera má ráð fyrir, að það verði ekki torsótt mál. Úr því að girðingin stendur þarna, er sjálfsagt að reyna að nota hana til trjá-

ræktar, og þá er um leið sjálfsgjafast, að sveitarbúar annist reitinn sjálfir.

Frá Kleppjárnsreykjum hélt ég svo að Hesti í Borgarfirði og gisti þar. Þaðan var haldið að Hvítárvöllum og Hvanneyri. Á Hvítárvöllum hefur bóndinn, Guðmundur Jónsson, sáð til trjáa og hefur sumt af þeim komið vel upp. Hjá honum eru nú 4 ára tré um 40-50 cm á hæð, og er slíkt mjög gott. Á Hvanneyri hefur einnig verið reynt að sá trjáfræi, en það hefur mistekizt með öllu. Aftur á móti er laglegur trjágarður á Hvanneyri og í honum eru mjög fögur reynitré. Sá galli hefur aðeins verið á gróðursetningu þeirra, að þau standa of nærri húsinu, og ná því aðeins að þroska lim sitt til annarrar handar. Á Hvanneyri dvaldi ég næturlangt, en lagði síðan af stað suður að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1. dag páska. Hreinviðri var og kalt að sitja á hestunum. Gekk ferðin þó greiðlega að Þórisstöðum í Svínadal, en þar bjó maður sá, sem eftirlitið hafði með Vatnaskógi. Fór hann svo með mér niður að skógi, og gengum við meðfram meiri hluta girðingarinnar. Hún er öll mjög úr sér gengin og verður ærinn kostnaður við að laga hana. En eins og girðingin er núna, kemur hún að litlu gagni, því að hún er langt frá því að vera fjárheld.

Vatnaskógur liggur í landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd. Hallar öllu skóglendinu ofan að Eyrarvatni. Skógurinn liggur því nær allur í hvarfi frá þjóðveginum, og verða vegfarendur hans því lítið varir. Lega skógarins er hin fegursta, og skógurinn er með þeim beztu, sem til eru á þessum slóðum. Skógurinn hefur notið friðunar frá því árið 1914, en á síðustu árum hefur friðunin að mestu farið út um þúfur. Samt sem áður hefur skógurinn tekið býsna miklum framförum. Í heimsstyrjöldinni miklu var mjög mikið grisjað í honum, og sumstaðar var höggvið meira en gott var. Vöxtur trjáanna hefði orðið mun meiri, ef minna hefði verið tekið í senn.

Þegar skógurinn var tekinn til friðunar, var um það

gerður munnlegur leigumáli við staðarhaldara Saurbæjar, að hann fengi á hverju ári greiddar 309 krónur fyrir að synja sér afnota af honum. Þótt leigumáli þessi væri gerður á dýrum tímum, hefur hann samt staðið óhaggaður fram á síðasta vor. Þókti mér ekki ráðlegt að greiða jafn háa leigu fyrir að fá að friða og bæta landið, ekki sízt þar sem þetta er jörð ríkisins, og einnig sakir þess, að um land allt er fjöldi manns fús á að leggja fram skóglendi sín endurgjaldslaust um óákveðinn tíma, ef girðing fengist aðeins með haganlegum kjörum. Af þessum ástæðum sagði ég upp leigumála þessum í vor er leið, en vonandi takast nýir samningar milli prestsins í Saurbæ og Skógræktarinnar áður en langt um líður.

Frá Saurbæ varð ég að leggja leið mína um Borgarnes sakir skipaferða. En í Borgarnesi kom ég í trjágarð þann, sem kvenfélagið og ungmennafélagið þar eru að koma upp kringum hinn svonefnda Skallagrímshaug. Hafa félög þessi farið prýðilega af stað, og í þessum félögum er svo mikið áhugafólk, að ekki er að efa, að garður þessi verður hinn laglegasti er fram líða stundir.

Hinn 23. apríl kom ég svo aftur til Reykjavíkur.

Þann 5. maí brá ég mér suður að Kaldárseli ásamt Ingvari Gunnarssyni, Kjartani Ólafssyni og Guðjóni Guðjónssyni úr Hafnarfirði, til þess að líta á litla skógargirðingu, sem Hafnarfjarðarbær hefur látið setja þar nokkrum kílómetrum sunnar undir Undirhlíðum. Girðingin tekur aðeins yfir nokkra hektara, og er kjarrið bæði strjált og lágvaxið innan hennar. En þó er það miklu fegurra heldur en skógargróður sá, sem er utan girðingarinnar. Landið veit mjög vel við sól, og jarðvegurinn er sýnilega mjög frjór. Hvergi á öllu landinu hef ég séð jafn stórvaxið beitleyng. Nær það víða í mjóalegg. en lengd þess getur verið upp undir alin. En innan þessarar girðingar hefur Ingvar Gunnarsson gróðursett nokkrar furuplöntur árið 1930. Hafa furur þessar tekið skjótum þroska, og eru þær nú flestar hinar þroskavænlegustu. Bar hvergi á neinni vaxtarstöðvun eins

og annars er altítt hér og hefur bæði átt sér stað við Rauðavatn og víðar. Er það eingöngu frjósemi jarðvegsins að þakka. Höfðum við með okkur nokkuð af furu- og greniplöntum og settum þær niður, en síðar fékk Barnaskólinn í Hafnarfirði nokkur hundruð af furu til þess, að börn þaðan gætu farið suður í girðinguna til gróðursetningar. Hafði ég síðar spurnir af því, að börnin hefðu haft mjög gaman af þessari ferð.

Er bráðnauðsynlegt að vekja áhuga barnanna á þennan hátt á skógræktarmálum, enda er það gert um allan heim, þar sem skógrækt er sameiginlegt áhuga- og hagsmunamál þjóðanna. Hér er því miður ekki unnt að fara hratt á stað með þess háttar gróðursetningu, af því að mikill hörgull er á útplöntunarhæfum trjáplöntum, og úr þessum skorti verður ekki bætt nema á nokkrum árum. Verður síðar vikið að þessu nánar.

Hinn 16. júní reið ég upp fyrir Elliðavatn til þess að skoða þær kjarrleifar, sem enn eru undir svonefndum Hjöllum og Löngubrekku. Þarna er töluvert af kjarri, en ekki er það mjög hávaxið. Sumstaðar var það þó mannhæð og mjög þétt. Að því er séð verður, hefur skógurinn tekið allmiklum framförum á síðustu árum, og mun það aðallega því að þakka, að fjárbeit hefur mikið lagst niður á næstu bæjum. Kjarrið er mjög að breiðast út um hraunið, sem liggur fyrir austan brekkurnar, og er aðeins tímaspurning hvenær það verður mestallt skógi vaxið. Annars er eftirtektarvert, að á kortum herforingjaráðsins er vart sýndur nokkur skógargróður á þessu svæði. En frá Hjöllumum og alveg suður undir Kleifarvatn eru smá kjarrskikar og sumstaðar jafnvel allvíðlend skóglendi. Dag þann, er ég var þarna, var skógurinn nýsprunginn út, ljósgrænn á lit, en sólin hellti ylgeislum vorsins yfir landið. Var einkennilega fagurt um að litast þarna efra. Reykjavíkur- og Hafnar-fjarðarbær munu vera aðaleigendur þessa landssvæðis, og væri vel, ef bæjarstjórnir þessara bæja sæu sér fært að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að vernda þessar skóga-



*Lerkitré í Mörkinni á Hallormsstað.
(Stöngin, sem maðurinn heldur á, er 2 m.)*

H. B.

leifar, og reyna að koma þeim á legg. Væri mikill fengur fyrir íbúa bæjanna að geta skroppið um helgar í fagurt skóglendi án þess að þurfa að verja til þess of miklum tíma og peningum. Í sambandi við þetta má benda á, að þá er skógurinn við Vagli í Fnjóskárdal var girtur, var mikið af skóglendinu lágt og lélegt kjarr, engu betra en þetta, sem nú er undir Hjöllunum, en nú er allt þetta kjarr orðið að vænsta skóglendi. Og Vaglaskógur er nú jafn fjölsóttur skemmtistaður af Akureyrarbúum og Þingvellir eru af Reykvíkingum.

Þann 19. júní lagði ég af stað austur í Bæjarstaðarskóg ásamt Einari Sæmundssyni hinum yngra. Fórum við í tveim áföngum austur í Öreffi og komum þangað seinni hluta dags þann 20. júní. Næsta dag var byrjað að girða Bæjarstaðarskóg, en af því að þessari ferð er lýst í annari grein í riti þessu, verður því sleppt hér. Til Reykjavíkur komum við þann 2. júlí. Á heimleiðinni komum við við í

Múlakoti í Fljótshlíð, til þess að skoða græðireit þann, sem nýlega hafði verið komið þar upp. Reitur þessi er settur þarna með það fyrir augum, að geta fullnægt eftirspurninni eftir trjáplöntum hér syðra, er fram líða stundir. Í vor voru gróðursettar þar um 3000 bjarkir, teknar inni á Þórsmörk, og ennfremur töluvert af reyniviði úr garðinum í Múlakoti. Bjarkirnar verða að vaxa í tvö ár í græðireitnum, áður en þær eru hæfar til gróðursetningar, en reyniviðirnir ári lengur. Á þessu vori verður sett miklu meira af plöntum í reitinn auk þess, sem í hann verður sáð, og gera má ráð fyrir, að þaðan megi fara að fá nokkuð af plöntum á næstu árum, til þess að bæta úr brýnustu þörfum. -

Þann 12. júlí lagði ég af stað í aðalferð sumarsins, sem tók næstum tvo mánuði. Hóf ég ferðina með skipi til Borgarness og þaðan til Norðtungu í bíl. Í Norðtungu leit ég á skógargirðinguna, sem upp hafði verið komið þar fyrir eigi all-löngu. Enda hafði skógurinn litlum stakkaskiptum tekið frá því er áður var, og má bæði um kenna því, hve skammt er síðan hann var girtur, og eins því, að friðunin hefur ekki alltaf verið næg, því að norðurhlið girðingarinnar er alls ekki fjárheld. Þegar girt var, var reynt að notast við gamla girðingu, sem stóð þar áður á mörkum Norðtungu og næsta bæjar. Innan girðingarinnar mátti sumstaðar sjá nýgræðing, einkum í gömlum troðningum og götuslóðum. Ef girðingin á að koma að fullu gagni í framtíðinni, verður að gera hana alveg fjárhelda, og það sem fyrst.

Að Norðtungu kom fylgdarmaður minn, Einar yngri Sæmundsson, með hesta þá, sem ætlaðir voru til fararinnar. Fylgdumst við síðan að allt sumarið, nema þegar ég þurfti að skreppa einhverjar krókaleiðir og koma við á bæjum. Þann 14. júlí var svo lagt upp frá Síðumúla yfir í Norðurárdal og þaðan, sem leið liggur, yfir Bröttubrekku vestur í Dali. Úr Dölum var haldið vestur í Gilsfjörð, kringum hann og að Króksfjarðarnesi. Á þeirri

leið varð fyrir okkur lítið skóglendi, en við komum að Hjarðarholti í Dölum, þar sem sáð hafði verið bjarkarfræi fyrir fáum árum. Sumt af því hafði komið furðu vel til, en sumt hafði engum þroska náð, og virtist sprettan vera aðallega undir rakastigi jarðvegsins komin. Er við fórum fyrir mynni Sælingsdals, flaug mér í hug, að hann mætti muna sinn fífil fegri, þegar til þess var tekið, hve mjög hann hefði verið skógi vaxinn.

Úr Króksfjarðarnesi héldum við vestur Barðastrandarsýslu, því að ætlunin var að skoða skógaleifar í austurhluta hennar. En vesturhluti sýslunnar var mér að nokkru kunnur áður. Einar heitinn Helgason fór um sýsluna árið 1901, og hefur lýst henni nokkuð í 16. árgangi Búnaðarritsins. Lýsing sú er góð og fróðleg og talar hann nokkuð um skógana þar. En nú vil ég reyna að bregða upp dálítilli lýsingu af því, sem mér þókti eftirtektarverðast.

Austurhluti Barðastrandarsýslu er mjög vogskorinn. Inn úr Breiðafirði ganga margir en mjóir og oftast stuttir firðir inn í landið. Fjöllin umhverfis firðina eru há og brött, og er undirlendi víðast lítið. Heiðarnar og hálsarnir milli fjarða eru brattir og erfiðir yfirferðar með hesta. Myndu sumir þeirra hafa verið lítt færir, ef þeir hefðu ekki nýlega verið ruddir. Í austustu fjörðunum er sæmilega þéttbýlt, en annarsstaðar er strjálbýlt mjög. Lega fjarðanna er venjulegast frá, suðri til norðurs, en þótt sæmilega sé skýlt fyrir vindum í fjörðunum, nær norðanáttin sér vel niðri, og að sjálfsögðu hleður hún miklum snjó niður í dalbotnana. En snjórinn og strjálbýlið hafa hlíft víðlendum kjarrsvæðum og forðað þeim frá algerðri tortímingu. Við austustu firðina, Gilsfjörð og Króksfjörð, er varla hríslu að finna, enda er byggðin þéttust þar. Og all-langt mun síðan, að skógur eyddist þar, því að í sóknalýsingum þeim, er Bókmenntafélagið lét safna hér á landi um 1840, er þess getið, að Garpsdalur eigi engan skóg, nema lítillræði í landi Borgar í Reykhólasveit. Vestan megin Berufjarðar, á Reykjanesinu, er



H. B.

*Blágreni (Picea pungens). Gróðursett 1905. Hæðin 6 m 1935.
Mörkin í Hallormsstaðaskógi.*

hin víðfræga Barmahlíð. Er þar nokkurt kjarr frá sjó og upp alla hjalla nokkuð upp í fjallið. Hvergi eru trén stórvaxin, heldur bera þau merki mikillar beitar og ániðslu. Barmahlíðin er einasta skóglendið á Reykjanesinu, en í Þorskafirði er töluvert kjarr umhverfis Skóga, fæðingarstað þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar. En kjarrið er hvarvetna ritjulegt og lágvaxið og mjög úr sér gengið. Allsstaðar gægjast berar hjallabrúnirnar fram milli lítilla gróinna bletta, og virðist landið vera flakandi í sárum. Jarðvegur er mjög grunnur á þessum slóðum, og allsstaðar, þar sem kjarrið verður að víkja fyrir sauð-kindinni, blæs moldin burt. Upp af botni Þorskafjarðar er nokkuð kjarr, eins og í flestum öðrum dalbotnum, en út með firðinum vestanverðum verður Teigsskógur á vegi okkar.

Teigsskógur er tvímælalaust einhver stórvaxnasti skógurinn í sýslunni, en þó að hæstu trén þar séu um 4 metrar, er vöxtur þeirra of kræklóttur og stofnarnir of undnir til þess, að hann geti borið skógarnafnið með sæmd og þryði.

Jarðvegurinn er óvenju djúpur og frjór, grasvöxtur er mjög mikill innan um skóginn, svo mikill, að trén munu ekki geta æxlast nema með rótarsprotum. Enda sjást hvergi fræplöntur nema í giljadrögum, þar sem lítill jurtagróður er. Ítök eiga margir í Teigsskógi, einkum Staður á Reykjanesi, en þau munu lítið sem ekkert notuð. Og kemur sér það vel, því að skógurinn þolir ekki mikla grisjun, af því að grasvöxtur er óhemju mikill, en fáir grasið yfirhöndina, er vexti trjána lokið. Eftirtektarvert er hér, sem og víða annarsstaðar, að í skóginum eru tvö gömul eyðibýli, Flókavellir og Grímkellsstaðir. Veldur það sjálfsagt miklu um, hve skógurinn er mikill nú, að býli þessi eru komin í eyði fyrir all-löngu. Nýlega hefur nýbýli verið reist í skóginum miðjum, og dregur það nafn af honum. Hefur nýbýli þetta frekar valdið skemmdum á skóginum, einkanlega sakir þess, að nú ganga geitur

lausar í honum allt sumarið og jafnvel eitthvað af vetrinum líka.

Í næsta firði hér fyrir vestan, Djúpafirði, er lágvaxið kjarr beggja megin fjarðarins og innst í dalnum. Vestan fjarðarins eru ljómandi fagrir kjarri vaxnir hjallar með blómgrónum lautum á milli. Áður fyrr hefur bær staðið þarna, en síðan hann lagðist í eyði, hefur gróðurinn fengið annan svip. Nú vaxa runnar á tóftunum, en blágresi og aðrar fagrar blómjurtir hafa tekið sér bólfestu í hlaðvarpanum. Af öðrum náttúrunnar fyrirbrigðum í Djúpafirði má nefna silfurberg, sem er þar í mjörri sprungu rétt innan við eyðibýlið. Sprungan er mjög mjó, og silfurbergið úr henni er ekki fallegt.

Vestan Djúpafjarðar er lítill og grunnur fjörður, Gufufjörður að nafni. Þar er allvíðlent, en mjög lágvaxið kjarrlendi, en víða myndi vaxa upp björk, ef beitin minnkaði. Frá Gufudal liggur leiðin yfir Gufudalsháls yfir að Galtará í Kollafirði. Lítilsháttar kjarr er innan við Galtará og umhverfis Eyri, sem er næsti bær þar fyrir innan. Ennfremur er nokkuð kjarr uppi í Kálfadal fyrir ofan Múla. Á Eyri hefur nokkuð kjarr orðið fyrir innan túngirðinguna, er girt var, og ber vöxtur þess glögg merki þess, að friðunin er fyrir öllu. Í Kvígindisfirði er og mjög víðlent kjarr beggja megin fjarðarins, enda er þar mjög langt bæja á millum. En af því að við fórum ekki ofan í fjörðinn, get ég ekki um gæði þess dæmt. Í Skálmardal upp af Skálmarfirði var mikið kjarrlendi og var eftirtektafvert, hve mikið var af reyniviði innan um birkið. En allur var reynirinn lágvaxinn og margstofna. Vattarfjörður skerst inn úr Skálmarfirði vestanverðum. Er hann mjög snotur og er mikið kjarr fyrir botni hans. Þarna er einnig töluvert af reyni eins og í Skálmarfirði. Við Vattarfjarðarbotn er Þingmannarjóður, en þar er áningarstaður, áður en lagt er á Þingmannaheiði, en hún er með lengstu fjallvegum á Vestfjörðum. Vegurinn liggur allhótt á kafla og er heiðin með afbrigðum hrjóstrug.

Gróðurs verður hvergi vart fyrir en að halla tekur ofan í Þingmannadal. Af heiðinni sést ofan í Kerlingarfjörð, Mjóafjörð og Kjálkafjörð. og er sumstaðar kjarrlendi í hlíðum þeirra. Fáir eru bæir í fjörðum þessum og erfiðar munu landsamgöngur vera. Eftir því, sem neðar dregur í Þingmannadal, verður gróðurinn því meiri og þéttari, og brátt, sjást fyrstu kjarrtætlurnar, sem eru fyrirboði gróðurs þess, er verður á vegi vegfarandans í hinum fagra og frjósama Vatnsfirði.

Eins og kunnugt er, hafði Flóki Vilgerðarson vetrarsetu í Vatnsfirði, og sér enn á tóftirnar rétt neðan við Brjámslæk, út með firðinum vestanverðum. Landkostir hafa eflaust verið ágætir og náttúrufegurð er þar mikil. Frá tóftum Flóka blasir breiður og djúpur fjörðurinn við og hlíðar allar eru nú viði vaxnar líkt og á dögum Flóka, og allir afdalir eru fullir af skógi. Við fjörðinn er nú aðeins einn bær, Brjámslækur, en inn með firðinum eru þessir eyðibæir: Þverá, Hella, Vatnsdalsbakkar og Uppsallir. Síðasti bærinn mun hafa lagzt í eyði skömmu eftir aldamótin síðustu, og hefur því dalurinn notið þeirrar friðunar síðan, sem óvenjuleg mun vera hér á landi. Á sumrin hefur landið verið nokkuð notað sem afréttur, en að öðru leyti hefur fátt orðið til þess að granda skóginum. Þess vegna hefur víða vaxið upp kjarr á síðari árum, þar sem áður var skóglaust orðið, og af því mun fjörðurinn eins álitum nú frá garði Flóka eins og hann var á hans dögum. Sú útsýn ein mun nægja til þess að sannfæra hvern vantrúaðan um sannleik þann, sem felst í orðum Ara fróða: „Í þann tíð var landið viði vaxið milli fjalls og fjöru“.

En þótt landið sé þannig útlits álengdar, mun vera mikill munur á gæðum skóganna á dögum Flóka og nú. Mestallt skóglendið er fremur lágvaxið kjarr, en á örfáum stöðum má þó enn sjá leifar hins gamla skógar, og er mikill munur á, hve hann hefur verið betri. Á fyrri tímum hafa margir átt ítök í Vatnsdalsskógum auk bæjanna í

Dalnum en einkum hafa Flateyningar verið iðnir við skógarhöggið. Í sóknarlýsingu prestsins á Brjámslæk, Hálfðánar Einarssonar, sem samin er 1840, er þetta sagt um Vatnsdalinn: „... raptskógur er inni í Vatnsdalsbotni, og á þeim dal er yfir höfuð víða mikill skógur, svo sem í plátzi því, sem Mörk heitir og liggur undir Hagakirkju. Líka er mikill skógur hinum megin út með Vatnsfirði, þar sem heitir Uppsalaland og á landi Fossár á Hjarðarnesi. Víðast sýnist skógum þessum heldur hnigna, bæði af meðferð þeirra, sem þá brúka, og afturför landsins ...“ Nú mun lítið af raftskógi í Vatnsdal, svo að einhverjar hafa afturfarirnar verið, eftir að lýsing þessi er skrifuð. Er rétt að geta eins dæmis upp á meðferðina áður fyrr. Á Brekku í Gufudal hitti ég Snæbjörn hinn gamla úr Hergilsey, og sagði hann mér margt fróðlegt, en merkilegast þókti mér, er hann sagði mér, að á æskuárum sínum hefði Brynjólfur Benediktson í Flatey látið sækja eldivið í Vatnsfjörð á ári hverju. Eldiviðurinn var tekinn úr vænsta skóginum, sem þá var í Mörkinni. Úr Mörkinni er líka auðveldast að flytja viðinn í skip. Og Benediktson var ekki smátækur á skóginn, því að árlega fór næst stærsta skip, sem þá var til við Breiðafjörðinn, fjórar og stundum fimm ferðir milli lands og eyjar með fullfermi. Er Snæbjörn var á fermingaraldri, fór hann eitt sinn í skóg með manni þeim, er vanur var að höggva skóg fyrir Benediktson, og mun láta nærri, að þetta hafi verið um 1860. En skógarhöggsmanni þókti Snæbjörn ganga óhreinlega til verks, er hann reyndi að fella við, honum þókti hann skilja of mikið eftir af smágróðrinum. Þannig var gengið að verkinu á þeim árum. Áður en ég fór úr Gufufirði, bað Snæbjörn mig að skyggnast eftir skóginum í Mörkinni, og gerði ég það. Nú er Mörkin þakin mjög lágu kjarri, sem von er til, því að beit er einna mest á þessum stað. En jarðvegur í Mörkinni er allsstaðar mjög grunnur. Vísast er hann ekki nema um 10-15 sm á þykkt og allsstaðar eru smá melflákar, sem grisjar í. Mel-

skellurnar eru þó að gróa upp að nýju, en af því, hvernig landið er útlits nú, má ráða, að Mörkin hefur að mestu blásið upp eftir skógarhögg Benediktsens.

Upp af Mörkinni eru Smiðjukleifar, en þar er sagt, að Gestur Oddleifsson hafi haft smiðju sína. Þar er nú sumstaðar einna beztu skógalundirnir í Vatnsdal. Mér hefur verið sagt að leifar rauðablásturs hafi fundizt í Smiðjukleifum og er það ekki ósennilegt, því að nokkrir mýraflákar með rauða eru innan um skóginn.

Á Brjámslæk gistum við tvær nætur og tókum okkur dag til þess að fara um Vatnsdalinn. Þótt snemma væri af stað farið þann dag og seint orðið, þegar heim kom, var dagurinn alltof stuttur til þess að sjá allt, sem vert var að skoða. Lengi dags vorum við uppi í Smjördal og Penningsdal í fegursta veðri. og virtist okkur, að þessi dagur væri einhver hinn unaðslegasti af þeim mörgu skemmtilegu og góðu dögum, sem við fengum á þessari ferð. Frá Brjámslæk fórum við að mestu sömu leið aftur til Króksfjarðarness, nema hvað við fórum fyrir Reykjanesið, í stað þess að fara fyrir ofan það.

Um skóglendið í austurhluta Barðastrandarsýslu er óhætt að segja, að það sé mjög víðlent, en hvergi er um annað en kjarr að ræða, nema í Teigsskógi og nokkrum hluta Vatnsdals. Kjarið er kræklótt og beygt undan snjófargi, en allsstaðar er það þó beitinn, sem heldur því niðri. Meðferð skóglendisins er ekki góð. Skóglendið hefur mikla þýðingu fyrir afkomu manna á þessum slóðum, því að kvistlendið er notadrjúgt til beitar, meðan til þess næst fyrir snjó. En þó er hitt meira um vert, að skóglendið bindur jarðveginn og varnar uppblæstri landsins. Eins og áður er getið um, er jarðvegur allsstaðar mjög grunnur og er hætt við uppblæstri undir eins og kjarið þrýtur. Sést þetta bezt í nánd við Skóga og yfirleitt ber meir á uppblásnu landi eftir því, sem austar dregur í sýsluna. Umhverfis Garpsdal eru til dæmis stórar jökulöldur algjörlega gróðurlausar, en ekki er vafi á, að þar hafi



H. B.

Hæsti gulvíðir á Íslandi. Um 6 m. Lundaskógur í Fnjóskadal.

áður verið skógur um allt. Króksfjarðarnesið er einnig mjög hrjóstrugt og bert, enda eru skógar eyddir þar fyrir langa löngu. Að öllu jöfnu er kjarrið þroskamest og jarðvegur frjósamastur þar, sem lengst er bæja á milli, en ávallt er landið niðurnítt næst þeim.

Til þess að orðlengja ekki frásögn þessa, segir nú ekki af ferðum okkar, fyrr en komið var í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Þar eru sáðreitir Skógræktarinnar á þrem bæjum, á Eyjólfsstöðum, Hofi og Haukagili. Gistum við á Eyjólfsstöðum aðfaranótt hins 28. júlí. Sáningartilraunin á Eyjólfsstöðum hefur alveg mistekizt, og ástæður til þess eru sennilega tvær. Önnur er sú, að landið er of þurrt, en hin er, að rásir þær, sem sáði var í, voru látnar liggja undan brekku og fylltust af vatni, sem skolaði mestu af plöntunum burt þegar á fyrsta ári. En einkennilegt var að taka eftir mismun þeim, sem var á gróðri grassins innan og utan girðingarinnar um reitinn. Fyrir utan hann

náði grasið ekki í skóvarp, en innan girðingarinnar tók snarrótarpunkturinn í mitti. Friðunin ein hafði valdið þessum stakkaskiptum.

Á Hofi hefur nokkuð komið til á sumum stöðum í reitnum, en óvíða höfðu plönturnar náð verulegum þroska. Jarðvegurinn er líka of þurr eins og á Eyjólfsstöðum. En á Hofi er einnig all-laglegur trjágarður í uppvexti, og er hann þess virði, að nokkuð sé um hann rætt. Einkennilegustu trén í honum eru nokkrar aspir, sem fluttar voru þangað frá Garði í Fnjóskárdal fyrir næfellt tuttugu árum. Í Garði hafa aspirnar aldrei náð að mynda annað en kjarr, en á Hofi hafa þær vaxið upp og orðið að trjám. Eru þau hæstu þeirra nú um þrír metrar á hæð og líta ágætlega út. Eini ljóðurinn á ráði þeirra er, að þær eru flestar með tveimur eða þremur stofnum.

Stefán skólameistari Stefánsson lýsti öspinni í Fnjóskárdal fyrstur manna og gat þess til, að hún væri innlend planta. En hversu feginn, sem ég hef viljað reyna að líta á hana sem íslenska plöntu, hefur mér ekki tekizt það. Eftir vaxtarlagi hennar, en þó einkum laufgunartíma að dæma, virðist allt benda til, að hún sé af útlendum uppruna og eigi komin hingað til lands fyrir all-löngu. Æxlun hennar er líka með því móti, að hún hlyti að finnast víðar en á þessum eina stað, hefði hún verið útbreiddari áður. Mun mjög erfitt að útrýma henni með beit, af því að jarðstönglarnir eru afar lífseigir. Ennfremur vaxa aðrar aspir sömu tegundar, sem fluttar hafa verið, hingað til lands frá útlöndum, alveg á sama hátt og ná jafnvel meiri þroska. Annars verður aldrei um það vitað með vissu, hvernig á öspinni í Fnjóskárdalnum stendur, en menn vita til þess, að á fyrri öldum voru stundum flutt hingað erlend tré til reynslu. En hvert þau tré fóru, og hvernig þeim reiddi af, vita menn lítt. Venjulegast munu þau þó hafa dáið drottni sínum á skömmum tíma, sakir hirðuleysis. Vera má, að öspin hafi flutzt hingað, á þennan hátt. Blæöspin hefur þann ágæta eiginleika, að hún dreifir sér

um landið með rótarsprotum, og komast þeir skjótt víða vega frá móðurinni. Verður skýrt frá þessu nánar síðar.

Á Haukagili var land það, sem tekið var undir sáðreitinn allraklent, og hallar því mikið til austurs. Í jarðveginum er stöðugt vatnsrennsli, en ekki kyrrstöðuvatn, og gerir það jörðina miklu frískari. Hefur þetta sennilega orðið til þess, að tilraunin hefur tekizt ágætlega vel og er reiturinn að hlaupa í kjarr. Hæstu plönturnar eru nú um 1 metri á hæð, og verður ekki annað sagt, en að það sé ágætur vöxtur á óræktarlandi á 7 árum. Flestar plantnanna eru þó ekki nema um 25 sm, en mergðin er svo mikil, að innan skamms mun birkið ná yfirhöndinni yfir grasinu og mynda samfelldan gróður um alla girðinguna.

Þann 29. júlí fórum við frá Hofi að Vörmuhlíð í Skagafirði. Í nánd við nýbýli þetta hefur Skógræktarfélag Skagfirðinga fengið landspildu til trjáræktar, og Skógrækt ríkisins hefur lagt fram girðingarefni umhverfis landið. Plöntur í reitinn hefur áhugasamt fólk í héraðinu útvegað með samskotum. Enn er svo stutt liðið, síðan svæðið var girt og í það plantað, að ekki er unnt að gera sér neina grein fyrir árangrinum, en í raun og veru veltur hann eingöngu á áhuga og þrautseigju þeirra, sem til trjáræktarinnar hafa stofnað.

Frá Vörmuhlíð fórum við fram að Nautabúi og Mælifelli, en á báðum þessum bæjum höfðu ábúendurnir fengið ádrátt um styrk til þess að koma upp væntanlegum trjáreit. En ég gat ekki orðið við þessari bón þeirra, að minnsta kosti ekki að sinni. Bæði skorti algjörlega fé til þess, og enn fremur virtist mér, að rétt væri að bíða frekari árangurs af tilraunum þeim, sem þegar hafa verið gerðar um sáningu bjarkarfræs.

Frá Mælifelli fórum við að Víðivöllum og gistum þar. En fram hjá Víðivöllum getur enginn trjáræktarmaður farið, án þess að koma við, því að þar er fegurstur trjáreitur í Skagafirði, og auk þess blóma- og trjágarður heima við bæinn. Í trjáreitnum norður af bænum vaxa



H. B.

Kolabrennsluofninn á Vöglum í Fnjóskárdal.

björk, reynir og lerki. Þrífast þær allar vel, en þó einkum björkin. Trén eru ekki nema um 20 ára, en eru mörg á aðra mannhæð og sum upp undir tvær á hæð. Trén standa undir klöppum í brekku, sem veit til vesturs, og eru þau því miður í hvarfi frá þjóðveginum, þótt þau standi rétt við hann. Reiturinn á Víðivöllum gefur gleggstan vitnisburð um, að ekki er erfiðara að rækta tré í Skagafirði en öðrum landshlutum, ef rétt er að farið. Á Víðivöllum er

mjög áhugasamt trjáræktarfólk, svo að ekki er að efa, að skógarlundurinn við bæinn stækki brátt. Nýlega hefur og verið reynt að auka trjáræktina á Víðivöllum með styrk frá Skógræktinni, en lítill er árangurinn af því enn.

Frá Víðivöllum lá leiðin til Akureyrar, en þar varð ég að dvelja nokkra daga í ýmsum erindum. Þar hitti ég stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga og áttum við langar samræður um framtíð skógræktarmálanna. Menn þeir, sem eru lífið og sálin í þessum félagsskap, eru Jónas Þór, forstjóri Gefjunar, Ólafur Thorarensen, bankastjóri, og Jón Rögnvaldsson, garðyrkjumaður. Þótt félag þeirra hafi haft litlu fé úr að spila á undanförunum árum, hafa þeir unnið tvö allstór afrek, en þau voru í því fólgin, að girða skógarleifar á tveim stöðum í nánd við Akureyri. Fyrri og minni girðinguna settu þeir upp í mynni Garðsárdals á árbarminum, þar sem nokkrar bjarkarhríslur slúttu fram af hömrinum. Við friðunina fóru smá bjarkaranger að skjóta kollinum upp úr moldinni fyrir ofan gilbarminn. Þarna áttu menn sízt von á trjágróðri, en gamlar rætur höfðu lifað í moldinni, og fengu þær nú nýjan þrótt og líf við friðunina. Og eitt sinn, er Jónas Þór fór til berja út á Þelamörk, utan við Akureyri, rakst hann á ofur litla bjarkaranga, sem gæðust á stöku stað upp úr landi jarðarinnar Vaglir. En reynsla hans og félaga hans úr Garðsárdal varð til þess, að þeir áráddu að leggja í kostnað við að girða land þetta, og var girðing sett upp árið 1933. Landið hafði því notið algjörar friðunar í tvö sumur, er ég sá það. Þótt ekki sé liðinn lengri tími síðan, var mikill munur að sjá landið innan og utan girðingarinnar. Innan hennar þaut bjarkargróðurinn upp úr móanum, runnarnir voru sem óðast að hækka og þéttast, og víða er gróðurinn á leið með að verða samfelldur á stærri svæðum, en þá fyrst fer vextinum að miða, svo um muni. Hér var útlit til þess, að vaxa myndi upp skógur af gömlum og gleymdum bjarkarrótum, sem sofið hafa þyrnirósarsvefni í meir en heila öld. Í nánd við þessa jörð eru nokkur svæði,

sem menn nú hafa tekið eftir bjarkarplöntum á, og víðar en menn grunar munu slíkar rætur finnast í jörðu, sem eru albúnar að vaxa og dafna að nýju, ef friðun aðeins kæmist á. Um mikinn hluta Fljótshéraðs munu leynast bjarkarrætur og einnig í Hróarstungu. Þarf ekki annað en girða landið eins og gert var á Eiðum fyrir 9 árum. Skógur er nú hvergi talinn í Eiðalandi, en Fljótisdæla getur þess, að þar hafi áður vaxið skógur að húsum heim, svo að ekki sá til mannaferða, þótt að garði væri farið. En þar, sem girt var, er nú að vaxa upp skógur, svo um munar. Hæstu trjatópparnir eru nú um mannhæð, og er það feikna góður vöxtur á ekki lengri tíma.

En svo að aftur sé vikið að því, sem frá var horfið, þá er margt fleira markvert að sjá í grennd við Akureyri heldur en þær girðingar, sem nefndar voru. Í gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands er mikill og fagur trjágróður. Á síðari árum hefur of lítil grisjun háð trjánnum, og gekk ég því um stöðina með garðyrkjukonu félagsins til þess að merkja tré þau, sem mest lá á að fella. Síðar verður þó að taka enn fleiri tré til þess að prýða stöðina og til þess að fegurstu trén nái sem beztum þroska. Í stöðinni dafna margar trjátegundir ágætlega, en aðrar misjafnlega eins og við er að búast. Skemmtilegasti bletturinn í stöðinni er lundur sá, sem plantað var í óræktarjörð í brekku efst í stöðinni. Framan af æfinni uxu flest þessara trjáa mjög hægt, en síðan hefur vöxtur þeirra smáaukist með hverju árinu. Ég kom fyrst í stöðina árið 1924, og þá var unnt að líta yfir alla stöðina, hvar svo sem staðið var í brekkunni. Hæstu trén hafa þá verið um 2 metra, en nú byrgja þau orðið allt útsýni og mörg hafa náð 4-5 metra hæð. Þarna vaxa margar tegundir hlið við hlið, en mestur vöxtur hefur verið í birkinu og lerkínu. Nokkur rauðgreni eru þarna einnig, og bar mjög lítið á þeim árið 1924. En síðan hin trén fóru að hlífa þeim fyrir næðingi og bæta jarðveginn með því að skýla honum, hefur gren-

inu fleygt fram, og nú eru þau næstum jafnhá trjánum umhverfis.

Gróðrarstöðin á Akureyri ásamt hinum þrýðilega lystigarði sunnan við Menntaskólann gefa bænum allt annan svip en allir aðrir bæir hér á landi hafa. Íbúar bæjarins finna allir til þess, að garðar þessir gera bæinn vistlegri og skemmtilegri á sumrin, og býst ég við, að flestum þeirra þyki langtum vænna um bæinn sinn sakir gróðursældarinnar, sem í honum er. Væri áreiðanlega eftirbreytnisvert fyrir öll bæjarfélög hér á landi að fara að dæmi Akureyringa og leggja meiri áherzlu á trjárækt í bæjum heldur en hingað til hefur verið gert.

Við Grund í Eyjafirði er laglegur trjáreitur, sem plantað var í rétt eftir aldamótin. Reiturinn er ekki nema um hektari að stærð, en þar var ýmsum trjátegundum plantað til þess að komast að, hvað bezt þrífist. Mestur vöxtur hefur verið í björkinni, fjallafurrunni og lerkinu, en blæ-öspinn hefur einnig dafnað vel. Af öðrum trjátegundum, sem enn lifa þar, má fyrst nefna Cembrafuru, reynivið og nokkrar grenitegundir. Um allar þessar síðarnefndu tegundir gildir hið sama og áður er sagt um grenið í gróðrarstöðinni á Akureyri. Þær hafa loks farið að vaxa, er annar trjágróður gat veitt þeim betri skilyrði. Og er þetta einkum eftirtektarvert að því er reyniviðinn snertir. Mikið af honum mun af íslenzku bergi brotið, en engu að síður hefur hann hvergi vaxið nema þar, sem björk eða fura óx fyrst upp í kring um hann. Í stöðinni má víða sjá þrítuga reyniviði, sem ekki eru stærri en vænar fjögurra ára plöntur, en þær eru aðeins þar, sem rjóður eru á milli trjáanna. Annarsstaðar og innan um hin trén nær reynirinn alveg eðlilegum þroska. Síðustu fimm árin hefur gróðrinum fleygt fram með undraverðum hraða; ég var svo heppinn að hafa mælt nokkur tré í stöðinni árið 1930, og þau tré mældi ég aftur í sumar. Set ég mælingar þessar hér til fróðleiks:

	Hæð 1930	Hæð 1935	Vöxtur 5 ára	Meðal
	m.	m.	m.	ársv. cm
Blæösp	2,3	4,2	1,9	38
Fjallafura	1,9	3,0	1,1	22
Cembrafura	1,1	2,4	1,3	26
-	1,2	2,4	1,2	24
Lerki	3,6	5,0	1,4	28

Vöxturinn hefir verið ágætur eins og tölurnar bera með sér, og rétt er að taka fram, að trén, sem mæld voru, taka öðrum trjám í reitnum ekki neitt fram. Árið 1930 mátti sjá til mannaferða, hvar sem var í girðingunni, en í sumar var það víðast hvar ómögulegt. Annars þókti mér mest varið í að sjá, hversu öspin óx. Eins og áður er getið, er þetta sama tegundin og vex við Garð í Fnjóskárdal og Hof í Vatnsdal, en hún var flutt hingað frá útlöndum. Hefur hún vaxið töluvert á hæðina, en sumstaðar vex hún í þéttum runnum. Hæsta öspin var 4,7 metrar, en ekki var hún sérlega beinvaxin, því að oft mun hafa kalið ofan af henni. Og greinótt var hún líka, sem von var til, því að hún stendur á bersvæði eða því sem næst. Ösp þessi hafði dreift sér yfir stórt svæði með rótarsprotum á sama hátt og öspin við Hof. Ekki hafði hún látið sér nægja að breiðast út innan girðingarinnar, heldur fundum við rótarskot í 30 metra fjarlægð frá girðingunni, en öspin er um tveim metrum innanvið hana. Þar, sem öspinni hefur verið plantað þéttast í upphafi, er nú mesti urmull af rótarskotum, og án efa vex þar upp asparkjarr eða jafnvel asparskógur í framtíðinni, og hann mun breiða sig yfir stærri og stærri landsvæði, því lengur sem hann vex.

Við Hrafnagil í Eyjafirði er mjög fallegur trjágarður. Upphaflega var til hans stofnað af ungmennafélagi þar í sveit, en að garðurinn er kominn svo vel á veg, sem raun er á orðin, er eingöngu að þakka Aldísi Einarsdóttur á Stokkahlöðum, sem hefur látið sér mjög annat um garðinn frá upphafi og fram á þennan dag. Garður þessi er tvímælalaust sá fegursti, sem nokkurt ungmennafélag hér hefur

komið upp, en frekar má þakka hinni umgetnu konu um árangurinn, heldur en félaginu, og sannast hér sem oftast, að veldur hver á heldur. Þroski trjáanna í garði þessum, ásamt þeim trjáræktartilraunum, sem ég hef getið um, sanna betur en nokkuð annað, að Eyjafjörður er eitt þeirra héraða, sem bezt munu fallin til trjá- og skógræktar.

Þó eru ekki neinar skógaleifar til í Eyjafirði að undanteknum Leyningshólaskógi syðst í dalnum, og eru eðlilegar ástæður fyrir því. En ekkert hefir verið gert til þess að friða skógarteig þennan, og er það illa farið, af því, að á fáum árum myndi geta vaxið þar upp fegursti skógur. Mér er kunnugt um, að Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur töluverðan hug á að gera eitthvað til þess að girðing komist upp, en fjárskortur hamlar því, að svo megi verða fyrst um sinn. En mér virðist, að sýslufélagið ætti að leggja fram nokkurt fé til þessa, engu síður en það lætur sig ýms önnur menningarmál nokkru skipta.

Frá Akureyri lá leið okkar austur í Vaglaskóg í Fnjóskárdal, og höfðum við þar rúma viku dvöl. Nú voru í sumar liðin 26 ár, síðan skógurinn var friðaður og girtur, og hefur honum farið afar mikið fram á þessum árum. Maður nokkur, sem var vel kunnugur í Fnjóskárdal, og flutti þaðan burtu, áður en girt var á Vöglum, hefur sagt mér, að hann þekkti ekki Vaglaskóg aftur, er hann kom þar árið 1930. Svo mjög hafði skógurinn tekið stakkaskiptum. Sömu sögu hafa margir aðrir sagt mér. Allt hið lágvaxna og kræklótta kjarr, sem þá var mikið í suðurhluta skógarins, hefur vaxið upp og orðið að fögrum trjám. Melkollar allir, er áður voru á víð og dreif um skóginn, eru nú annað hvort grónir björk að nýju eða eru, sem óðast, að klæðast skógi. Skriðurnar efst í girðingunni gróa einnig upp með hverju ári sem líður. En björkin er fyrsta plantan, sem fer út á berar skriðurnar til þess að „klæða fjallið“.

Á Vöglum stóð mikið til um þessar mundir, því að þangað var að koma ofn til þess að brenna viðarkol í. Var ofninn settur upp, á meðan við stóðum þar við, og var

strax farið að brenna í honum. Ofninn er allstór og rúmar hann 5 teningsmetra af viði í einu. Eru þeir um sólarhring að brenna til kola, og fást rúm 500 kg. úr hverri brennslu, ef viðurinn er í meðallagi vænn. Kolin eru síðan notuð til ýmissa hluta, eins og t. d. í svína- og hænsnafóður, við málmsmíði og ennfremur má nota þau til þess að knýja áfram bifreiðar og aflvélar. Verður gerð tilraun með bifreiðaakstur með viðarkolum á næsta sumri, og eru allar líkur til þess, að hún geti borið tilætlaðan árangur.

Um Vaglaskóg verður skrifað betur síðar, annað hvort í þetta rit eða á öðrum stað, og af þeirri ástæðu er ekki vert að tefja lengur við hann að sinni. En fyrir innan Vaglaskóg liggja Lundsskógur og Þórðarstaðaskógur. Áður en Vaglaskógur var girtur, þókti Þórðarstaðaskógur fegurstur skógur í Fnjóskárdal, og þangað lágu leiðir allra, sem fara ætluðu í skógarferð. Bóndinn, sem þá bjó á Þórðarstöðum, lét sér afar annat um skóginn og stjakaði öllum ágangi og öllu skógarhöggi burt eftir beztu getu. Nú ber skógurinn þess menjar, að þarna bjó maður, sem þókti vænt um jörðina sína og skóginn sinn, og er skógurinn bezti minnisvarði þessa mæta manns. Hvergi á öllu landinu hef ég séð jafn fagurt skógarlandslag, og mig rekur heldur ekki minni til þess að hafa séð jafn fagra lundi annarsstaðar. Sérstaklega eru mér minnisstæð nokkur einstök tré, sem stóðu bolmíkil og limarík á sléttu grasi og kjarri gróinni grund, og var yndislegt að sjá, hvernig vindurinn þaut um blöðin og þeytti þeim til, svo að trén stóðu ýmist ljósgræn eða-dökkgræn eftir því, hvor blaðflöturinn sneri að áhorfandanum. Slík sjón er óvenjuleg hér á landi, en hún gefur náttúrunni meira líf heldur en við eigum að venjast. Í Þórðarstaðaskógi mældum við hæsta tré, sem ég hef fyrir hitt hér, og reyndist tréð 10,6 metrar. Annars voru mjög mörg væn tré í skógi þessum. Þótt þetta sé líklega hæsta tré landsins, verður þess ekki langt að bíða, að önnur vaxi því yfir höfuð, því að á Vöglum mældum við allmörg tré í góðum vexti, sem voru um og yfir 10 metrar.



H.B.

Skógarfurulundurinn í Mörkinni á Hallormsstað, sjá bls. 39.

Á leiðinni inn í Þórðarstaðaskóg komum við í Lundsskóg, sem einnig er mikill og vænn, en þar sáum við víðirunna, sem mun vera sá hæsti, er nú er til, og var hann um 6 m.

Af því, að örskammt er á milli þessara þriggja skóga, væri í raun réttari sjálfsagt að girða þá alla með stórrí girðingu og friða þá alla jafnt. Þá myndi vaxa upp stórfellt og samhangandi skóglendi, sem gæti orðið til mikilla nytja fyrir allar næstu sveitir, og kostnaðurinn við að koma upp slíku skóglendi yrði tiltölulega mjög lítill.

Frá Vöglum lögðum við leið okkar austur Ljósavatnsskarð og komum sem snöggvast við í Sigríðarstaðaskógi, en sá skógur var keyptur frá jörðinni Sigríðarstaðir fyrir nokkrum árum. Skógurinn er fremur vænn eftir því, sem gengur og gerist með ófriðaða skóga, en hann var keyptur fyrir nokkru meira en sannvirði var. Síðan var skógurinn girtur á þrjá vegu, en af því að ein hliðin, sem að fjallinu veit, er ógirt, getur fé runnið í stórum breiðum inn í hann. Með því að laga svoltið og lengja girðingarendana má sennilega ráða bót á verstu beitarskemmdunum.

Að kvöldi þess 14. ágúst komum við að Yztafelli í Köldukinn, eftir beiðni eiganda jarðarinnar, til þess að líta á Fellsskóg. Um leið litum við heim að Gvendarstöðum, ef vera mætti, að við hittum Helga bónda Jónasson, en hann er með áhugasömustu mönnum um trjárækt norður þar. En Helgi var ekki heima, svo að ekkert varð af fundum okkar í það sinn. Daginn eftir fórum við í skóginn með Marteini Sigurðssyni bónda á Yztafelli. Skógurinn stendur í brattri brekku, er hallar til austurs ofan að Skjálfandafljóti. Er hann sumstaðar hávaxinn og allur í vænna lagi. Hefur greinilega verið farið vel með hann á síðari árum, og gætt varúðar við grisjun hans. En engu að síður er skógur þessi bezta búsiðlag, og getur þarna vel samrýmst, að fara vel með skóginn og hafa af honum góðar nytjar. Hið eina, sem á skorti, var, að fræplöntur sáust mjög óvída, og þær, sem við fundum, voru ekki nema eins eða tveggja ára. En þannig er því varið allsstaðar, þar sem nokkur beit

er, að fræplöntur finnast hvergi. Þessi skortur á fræplöntum hafði valdið Marteini áhyggjum um framtíð skógarins, en ég gat huggað hann með því, að þær væru hvergi, sem beit væri, og að eina ráðið til að fá þær á legg, væri að friða skóglendið eða að bægja beitinni burtu eftir föngum.

Frá Yztafelli er stutt að Fremstafelli, en þar hittum við Kristján Jónsson, er býr þar. Við Fremstafell er snotur trjágarður og nokkuð kjarr norður í hlíðinni, skammt frá bænum. Kristján sagði mér, að ósk sín væri sú, að skógurinn gæti fikað sig heim að túnfætinum, áður en hann félli frá, en vart bjóst hann þó við, að lifa það, enda er leiðin full löng til þess. En engu að síður fer skógurinn alla þessa leið, svo framarlega, sem beitin verður ekki um of. Kristján sagði mér, að skógurinn hefði tekið miklum framförum á síðari árum, enda ber hann það líka með sér. Kristján fór með okkur að Hriflu til þess að líta á land, sem ætlunin er að taka til skógræktar. Er það í dálítilli dæld í hrauninu, suður af túninu, og leizt mér prýðilega á staðinn.

Frá Hriflu fórum við að Laugum, en komum við á nokkrum bæjum á leiðinni. Á Laugum hefur verið komið upp tveim girðingum til trjáræktar á kostnað Skógræktarinnar, en ekki hafa framkvæmdirnar náð lengra en til girðinganna. Verður Laugaskóli því nú annað hvort að hefjast handa og láta planta í reiti þessa, eða girðingarnar verða teknar upp að öðrum kosti, svo sem lög mæla fyrir. Við húsmæðraskólann á Laugum er önnur girðing, sem einnig hefur verið kostuð af Skógræktinni með sömu skilyrðum, og þótt ekki hafi mikið verið aðhafst enn, er þó farið að planta trjáa í garðinn.

Frá Laugum fórum við yfir í Laxárdal og upp þann dal til þess að líta á kjarraleifar, sem þar eru. Kjarrið er ákaflega niðurnítt, en ekki er ég frá því, að það hafi heldur hresst við upp á síðkastið, sakir minni beitar en að undanfögnu. Annars eru kjörr og skógar frekar að breiðast út á þessum slóðum, og má þakka það bættri sauðfjárhirðingu.

Tók ég sérstaklega eftir bletti í landi Einarssaða, þar sem áður höfðu staðið beitarhús, en landið var uppurið orðið, og því voru beitarhúsin lögð niður upp úr aldamótunum. En á þeim tíma, sem liðinn, er síðan, hefur vaxið myndarlegasta kjarr umhverfis tætturnar.

Í Mývatnssveit kom ég fyrst að Skútustöðum, en fór þaðan að Garði, og fékk þuru hina hagamæltu til þess að fylgja mér út að Höfða. En þar hefur hún annazt gróðursetningu trjáa fyrir Héðinn Valdimarsson, sem á þá jörð. Mörgum hundruðum plantna hefur verið plantað víðsvegar um landið, og hefur gróðursetningin tekist ágætlega vel, hvað björkina snertir, en reynirinn hefur aftur á móti verið síðri eins og skiljanlegt er, því að hann er miklu kröfuharðari í óræktuðu landi. Eini gallinn á gróðursetningunni þarna var sá, að plönturnar stóðu full gisið. Hefði verið hæfilegt að setja þær með hálfs meters millibili í stað þess, að um meter er á milli plantnanna. Aðalókosturinn á Höfðalandi er sá, að jarðvegurinn er lítt frjósamur, og er hann því áburðarfrekur, ef vel á að vaxa í honum. Enginn vafi er þó á því, að vænir trjálundir munu vaxa upp í Höfða, ef skepnur fá ekki að koma þar næstu árin.

Frá Höfða fórum við að Geiteyjarströnd og skruppum við upp í Dimmuborgir þaðan, til þess að líta á sandfok, sem kvartað hafði verið undan við Gunnlaug Kristmundsson, og var það eftir beiðni hans, að við fórum þetta. Sandfokið er töluvert sumstaðar í útjaðri borganna, en þær taka vel á móti því og hefta framrás þess. Borgirnar fara smám saman í kaf í sand og eins skógur sá, sem þar er, en vart mun ástæða til að leggja í neinn kostnað til þess að hefta fokið á þessum slóðum, áður en séð verður, hvort landinu fyrir neðan borgirnar standi nokkur hætta af því.

Að kvöldi þess 16. ágúst komum við í Reykjahlíð, en fórum þaðan aftur næsta morgun snemma áleiðis til Axar-fjarðar. Rétt austan við Reykjahlíð var sett upp skógargirðing til þess að vernda fagra skógarbrekku, sem var að blása upp. En þegar frá upphafi var sá hængur á girðingu

þessari, að í hana hefur sótt geitfé þeirra Reykhlíðinga, og það er ekki fátt talsins, enda er ekki unnt að sjá neinn árangur friðunarinnar. Verður reynt að bæta girðinguna í sumar, en ef geitfénu verður ekki bægt frá um leið, er óvíst að endurbæturnar komi að fullum notum, en geri þær það ekki, mun girðingin tekin upp og sett annarsstaðar, þar sem hennar er meiri þörf.

Í Axarfirði gistum við á Ærlæk og notuðum sunnudaginn 18. ágúst til þess að ríða um skóglendið á Skinnastöðum og í Ásbyrgi. Eru girðingar Skógrættarinnar á báðum þessum stöðum, en á Skinnastöðum hafa framfarir innan girðingarinnar verið mjög litlar. Í Ásbyrgi hefur skógurinn aftur á móti tekið miklum stakkaskiptum. Friðunin í Ásbyrgi kom á elleftu stundu, því að gömlu skógarnir, Leirtjarnarskógur og Botnsskógur, sem voru ágætis raftskógar um síðustu aldamót, voru á fallanda fæti. Nýgræðingur var þar lítill sem enginn, en land mjög notað til beitar. Gömlu trén voru að kveðja lífið fyrir elli sakir, en lítið bólaði á nýjum gróðri í staðinn. En nú er nýgræðingurinn að færast óðfluga um allt Byrgið, aðeins átta árum eftir að friðunin komst á. Nýgræðingurinn hefur breitt sig yfir stórt svæði, og nú má kalla svo, að gömlu skógarnir tveir séu að renna saman í einn skógarteig. Út eftir öllu er björkin að gægjast upp úr lynginu og meðfram standberginu að austan og vestan teygir hún sig til norðurs með hverju árinu. En gömlu trén halda áfram að falla og fúna, en slíkt er ekki að furða, og menn mega ekki, eins og mörgum hættir við, líta á fúasprekin sem dauðadóm yfir skóginum í Ásbyrgi. Fúastofnarnir gera engum mein og eru ungskóginum sízt til бага. Að vísu er ekki fallett að sjá þá liggja á víð og dreif um landið, en hingað til hefur ekki þókt ástæða til að safna þeim saman, af því að það hefði aðeins útgjöld, en engar tekjur, í för með sér.

Ásbyrgi hefur um langan tíma verið hinn ágætasti staður fyrir skógargróður. Á sumrin er þar oft og tíðum steikjandi hiti og logn, en það tvennt eykur öðru fremur vöxt

trjáanna. En landið hefir verið notað óspart til beitar, og tvennir garðar milli hóftungunnar og bergsins að austan og vestan, gefa í skyn, að þægilegt hafi verið að stinga skepnunum þar inn. Í Byrginu er mikið af kolagryfjum og leifar rauðablásturs fundust, þegar bærinn í Byrgi var byggður upp fyrir fáum árum. Alla leið vestan úr Köldukinn komu menn til þess að sækja rafta úr Ásbyrgi, svo góðir þóktu viðirnir þaðan. Sögn er um að í Ási hafi eitt sinn verið 40 kýr í fjósi, og ekki hefur sá kúafjöldi orðið til þess að draga úr beitinni í Byrgi. Nú er öllum þessum skógarvágestum bægt á brott, á næsta mannsaldri vex upp fagurskógur í Ásbyrgi á nýjan leik.

Í Axarfirði og austurhluta Kelduhverfis eru víðáttumikil skóglendi. Óviða eru skógarnir hávaxnir, og yfirleitt er vöxtur trjáanna fremur hægur en skógarnir eru með beztu landkostum norður þar. Án skóglendisins væru löndin miklu uppblásnari og gróðurlausari, eins og dæmin sanna, þegar komið er upp fyrir efstu bæi í sveitum þessum. Upp með Jökulsá austanverðri er mikið kjarrlendi, en skammt fyrir ofan Austara-Land taka við móar og víðiland, og þaðan er ekki langt upp að fyrstu rofabökkunum. Því ofar sem dregur, verða uppblástursgeirarnir stærri og stærri, og óðar en varir er komið út á örfoka auðnir. Og frá því að gróðrinum sleppir, rétt fyrir ofan byggðina, sést ekki stingandi strá, unz komið er upp á Hólsfjöll, en það er ærið langur vegur. Ekki getur neinum dulizt, að þessi mikla auðn á milli Axarfjarðar og Hólsfjalla hefur áður verið gróðri vafin, og að björkin hafi verið aðalplantan, sem klæddi landið. Hér skal engum getum að því leitt, hve hávaxin þessi björk hafi verið, aðalatriðið var að skóglendið skýldi jarðveginum gegn foki, meðan þess naut við. Þessu til sönnunar má nefna, að allt fram á síðustu ár, hafa birkirunnar vaxið hér og þar á Hólsfjöllum, og enn er lítill runni skammt suður af Víðirhóli. En runnar þeir, sem, þarna uxu, voru ruddir fyrir fáum árum af manni, er þá bjó, á Hólsfjöllum, en er nú fluttur þaðan.



H. B.

Myndin sýnir vöxt furulundarins á Hallormstað .

Varla hefur eftirtekjan af viðarhögginu svarað fyrirhöfninni við að ryðja runnana, en í augum flestra mun slíkt athæfi og þetta vera talið ákaflega lúalegt, og lítilmannlegt er að leggjast á síðustu leifar þess gróðurs, sem fram á síðustu tíma hefur forðað landinu frá eyðileggingu.

Frá Víðirhóli fórum við yfir Haug og ofan í Vopnafjörð. Erindið þangað var að líta á Burstarfellsskóg og Hofsborgartorfu. Daginn þann, sem við héldum frá Víðirhóli var slagviðrisrigning og hvassviðri, og þókti okkur ekki lystilegt að leggja á langan fjallveg, sem hvorugur okkar hafði farið áður, en ekki vorum við komnir nema örstutt inn á fjallgarðinn, þegar fór að rofa til, og áður en varði var komið bezta veður og skein sól í heiði. Undir kvöld komum við að Hofi og gistum þar hjá séra Jakobi Einarssyni. Næsta dag kom hann með mér inn í Burstarfellsskóg, ásamt bóndanum á Burstarfelli, Metúsalem Metúsalemssyni. Jörðin Burstarfell hefur gengið að erfðum í

sömu ættinni um langt skeið, og af sumum er talið, að sú jörð hafi verið lengur í sömu ættinni heldur en nokkur önnur á landi hér. Allvíðlendur skógur fylgir jörðinni, og er hann nokkru innar í dalnum en bærinn stendur. Nú hittist svo á í sumar, er ég kom þar, að skógurinn var mjög maðkétinn, og var því miklu ljótari útlits en hann hefði ella verið. Eigandinn var orðinn all hugsjúkur um framtíð skógarins af því, að maðurinn hafði gert mikinn usla í skóginum undanfarin ár, og af því, að varla sást votta fyrir nýgræðingi. En honum þykir vænt um skóglendi sitt, og tók því sárt að sjá hann svona leikinn. Ég sá, að fleiri orsakir lágu til þess, hve skógurinn var bágborinn, heldur en maðurinn. Grisjuninni hafði verið mjög ábótavant og of mikil beit varnaði nýgræðingnum að teygja úr sér. Þó er skylt að geta þess, að hin lélega grisjun kom eingöngu til af því, að menn kunnu ekki betur til hennar, en ekki af því, að höggvið væri þannig, að eftirtekjan yrði sem mest. Ef Burstarfellsskógur á að rétta við, verður bæði að gæta allrar varúðar við grisjun og jafnvel hætta henni um stundarsakir, og eins verður að reyna að bægja allri beit á brott.

Síðar þennan dag fórum við um Hofsborgartunguna, en hún er skammt austan og neðan við Hof. Tungan er á sléttri og víðlendri malarflöt milli Hofsár og Sunnudalsár. Tungan er öll að kalla má vaxin lágu, en gróskumiklu kjarri. Stóð fénaður þar víða og beit limið og kunni auðsjáanlega vel við sig. Séra Jakob sagði mér, að á landi þessu væri aðal beitin á vetrum og væri því ekki að kynja, þótt kjarrið væri lágt. En hann sagði mér líka, að sér væri raun að sjá, hvernig skóglendið færi á þessu, og að hann vildi fúslega láta landið af hendi, ef unnt væri að friða það. Mér leizt ágætlega vel á gróðurinn, og ég er ekki í neinum vafa um, að þarna gæti vaxið upp einhver hinn fegursti skógur, ef eitthvað væri gert til þess að hlynna að þessum leifum. Fyrir margra hluta sakir þækti mér

ákjósanlegra að girða þennan skóg heldur en þann í Burstarfellslandi.

Úr Vopnafirði fórum við yfir Smjörvatnsheiði að Fossvöllum, þar sem við dvöldum nætursakir, en þaðan fór ég út að Kirkjubæ í Hróarstungu eftir beiðni séra Sigurjóns Jónssonar. Bað hann mig að líta á kjarrlendið hjá sér umhverfis bæinn. Þar, sem ég fór um Tunguna, voru víða kjarri vaxnir ásar, en mest var kjarrlendið næst Kirkjubæ. Allt þetta land myndi, án minnsta efa, geta gróið upp að nýju og borið vænstu tré, ef einhver megnaði að friða það. En því mun vart að fagna, og sízt á þessum tímum. Séra Sigurjón sagði mér sömu söguna og séra Jakob. Hlíðin fyrir ofan bæinn var aðal beitilandið á vetrum, en ef nokkur tók væru á að friða það, stæði landið til boða. Kirkjubæjarhlíðin er álíka álitleg til friðunar og Hofsborgartorfan.

Séra Sigurjón hjálpaði mér til þess að komast yfir Lagarfljótið rétt neðan við Lagarfoss, og af fljótsbakkanum fór ég beina stefnu að Eiðum. Ég hef áður minnst á girðinguna á Eiðum, og skal því sleppt hér, að tala nánar um hana, en frá Eiðum lá leiðin að Egilsstöðum, en þar hafði Sveinn bóndi Jónsson beðið mig að koma við. Að Egilsstöðum kom fylgdarmaður minn, en við höfðum skilið á Fossvöllum til þess að hann gæti farið skemmri leið með hina hestana. Gistum við á Egilsstöðum, en fórum að morgni þess 23. ágúst um Egilsstaðaskóg með Sveini til þess að skoða, hversu grisjunin væri framkvæmd. Lætur Sveinn sér annt um skóginn og vill, að hann sé sem bezt hirtur. Grisjunin var yfirleitt í góðu lagi, en þó var sumstaðar of mikið höggvið í senn og tók Sveinn fram, að það skyldi ekki koma fyrir aftur. Egilsstaðaskógur er með allra fegurstu skógum, sem nú eru í eign einstakra manna. Lega skógarins er einkar fögur, á smá ásadrögum og í hlíðum, sem halla niður að bænum og fljótinu. Ég geri ráð fyrir, að flestum bændum mundi þykja slíkir skógar sem Egils-

staðaskógur, beztu hlunnindi, og til mikillar fegurðar fyrir hverja sveit.

Frá Egilsstöðum lá leiðin næst að Hallormsstað, en þar dvöldum við í nokkra daga. Um Hallormsstað skal ég vera fáorður að sinni. Aðalerindi mitt þangað var, að líta eftir græðireitnum og athuga möguleikana á því að stækka hann. Á undanförmum árum hafa ekki fengist þaðan nema um 8000-10000 plöntur á ári, þegar bezt hefur verið. En það er langtum of lítið, því að eftirspurnin eftir plöntum hefir aukizt mjög á síðustu árum. Og betri trjáplöntur en fallegar, íslenzkar bjarkarplöntur, er ekki unnt að fá. Þess vegna verður að auka framleiðslu þeirra margfalt eins fljótt og kostur er. Á þessu vori munu þó ekki fást nema um 5000 bjarkarplöntur og engar reyniviðarplöntur frá Hallormsstað, og þess vegna voru gerðar ráðstafanir til þess að stækka græðireitinn til muna þegar í stað, og því eru líkindi til, að vorið 1937 fáist upp undir 10000 plöntur af birki og nokkuð af reyniviði, en vorið 1938 og næstu ár þar á eftir mun framleiðslan vaxa hröðum skrefum. Verður ekki hætt við að auka framleiðsluna fyrr en hægt verður að framleiða allar trjáplöntur innanlands. Um leið og plöntufjöldinn vex, mun og verð plantnanna lækka, en markmið Skógræktarinnar lýtur að því, að fullnægja eftirspurninni, og selja plönturnar við allra vægasta verði, sem framast er kostur.

Í græðireitunum á Hallormsstað er margt merkilegt að sjá og skoða. Þar eru til dæmis allmargar bjarkir, sem plantað var út agnarlitlum um svipað leyti og skógurinn var girtur, en síðan eru liðin 33 ár. Nú standa bjarkirnar í fögrum lundi, sem er upp undir 6 metrar á hæð, og þær vaxa allar beinar frá rót og eru einstofna. Þarna eru líka ýmsar erlendar trjátegundir, og fylgja myndir af sumum þeirra með þessari grein. Stærst er grenitré, *Picea pungens*, og nokkrar skógarfurur. Allmikið er þar af síberisku lerki, bæði í græðireitnum og eins nokkuð í skóginum umhverfis hann. Allar hinar erlendu trjátegundir

hafa náð miklu meiri þroska á þessum slóðum heldur en nokkursstaðar annarsstaðar á landi hér, og skýringin liggur í augum uppi. Þarna hefur trjánun verið plantað í skógarjarðveg í skjóli annara trjáa, og hafa því vaxtarskilyrðin verið sem næst því, sem þessum trjám er eðlilegast. Hæsta blágreinið er nú nákvæmlega 6 metrar, en skógarfururnar eru allt að 5 metrum, þar sem þær eru hæstar. Á einum stað standa nokkrar skógarfurur saman og mynda fagran furulund. Því miður finnst manni, sem þarna hafi verið plantað allt of fáum trjám, og hefði verið gaman, ef lundur þessi hefði verið t. d. tíu sinnum stærri. Þá hefðum við nú enn meiri vissu fyrir því, að skógarfuran gæti vaxið inn undir björkinni í skógum okkar. En þótt lundur þessi sé ekki stærri, þá gefur hann okkur betri leiðbeiningar um meðferð og gróðursetningu erlendra trjáa hér á landi heldur en nokkuð annað. Við að athuga þennan litla lund með gaumgæfni, opnast alveg nýir heimar öllum þeim, sem áhuga hafa á skógræktarmálum þessa lands. Síberisku lerkitrén hafa líka dafnað ágætlega, þar sem þeim hefur verið plantað um skóginn, og af vexti og þroska þessara trjáa í samanburði við trjáþroskann í gróðurstöðvunum á Grund í Eyjafirði, á Þingvöllum og við Rauðavatn getum við lært, hvernig haga eigi gróðursetningu erlendra trjáa í framtíðinni. En það verður með því móti að planta þeim í vel grisjuðum og hirtum skógum. Þar njóta plönturnar hinna beztu skilyrða, sem íslenzkur jarðvegur getur boðið þeim, og þar njóta þær líka þess skjóls, sem er svo þýðingarmikið fyrir ungvíðið, en víðast hvar annarsstaðar er skortur á. Á næstu árum mun reynt að planta trjám á þann hátt, er hér hefur verið lýst, bæði á Hallormsstað og á Vöglum í Fnjóskárdal.

Þann 27. ágúst héldum við frá Hallormsstað, og var ferðinni heitið á Djúpavog; komum við þar síðla kvölds. Við Djúpavog hefur verið í ráði að koma upp smá trjágarði, og fór ég næsta dag með áhugasömustu mönnum þorpsins til þess að líta á væntanlegt garðstæði. Virtist

mér varla geta komið til greina nema einn staður, en hann er rétt við nýja grafreitinn skammt fyrir ofan þorpið. Frá Djúpavogi var hægt dagleið í Lónssveitina, en þar gisti ég á Stafafelli - hjá Sigurði bónda Jónssyni. Á Stafafelli er einn hinn myndarlegasti trjágarður, sem ég hefi séð í sveit hér á landi. Upphaf þessa garðs má telja, að séra Jón Jónsson, faðir Sigurðar, plantaði eitt sinn reynivið við litla kálgarðsholu nokkuð álangdar frá bænum. En af því að tré þetta óx og dafnaði ágætlega, var farið að gróðursetja reyni og aðrar trjátegundir heima við bæinn, bæði í sérstökum trjágarði og eins í stórum kálgarði framan við húsinn. Trén hafa vaxið ágætlega vel, og smám saman hafa stærri og stærri svæði kálgarðsins verið tekin til trjáræktar svo að nú er þannig komið, að mestallur garðurinn er orðinn að trjágarði, og það, sem enn er eftir af kálgarðinum, verður bráðlega tekið til trjáræktar. Í kirkjugarðinum er einnig hafin trjárækt, og virðist hún ekki ætla að verða síðri heldur en ræktunin í kálgarðinum. Sakir hinnar miklu trjáræktar á Stafafelli er mjög staðarlegt að líta þangað heim, eins og myndin af því sýnir. Á öðrum bæjum, í Lóni, eru nú einnig að koma upp trjágarðar eftir fyrirmyndinni á Stafafelli, og er það vel farið.

Úr Lóni fórum við í Hornafjörðinn, en þaðan venjulega póstleið vestur í Suðursveit og Örnefi. Af því að nú fór að líða að hausti, var farið heldur hratt yfir. Í Bæjarstaðarskógi dvöldum við einn dag til þess að líta eftir, hvort nýja girðingin stæði eins og henni bæri, og var ekkert athugavert við hana. Í Bæjarstaðarskógi mældum við hæð nokkurra trjáa, og voru þau mörg allvæn. Verður annarsstaðar skýrt frá bæði þessum og öðrum hæðamælingum frá sumrinu sem leið.

Úr Örnefum var næsta bæjarleið að Kirkjubæjarklaustri á Síðu, en daginn eftir, þann 5. september, fór ég í bíl til Reykjavíkur, en fylgdarmaður minn kom á eftir með hestana suður í Flóa, þar sem þeir fengu verðskuldaða hvíld eftir stritið um sumarið. En af mér var það að segja, að



H. B.

*Bæjastaðarskógur. Myndin tekin úr miðjum Morsárdal. Takið eftir
rofageiranum í ofanverðum skóginum,*

ég kom til Reykjavíkur 37 klukkutímum eftir að ég hafði farið úr hlaðinu á Skaftafelli.

Eftir þetta fór ég aðeins eina stutta ferð austur í Fljótshlíð og upp í Landsveit. Í Fljótshlíðinni leit ég á hinn nýja græðireit, sem byrjað var á í vor við Múlakot. Þar stóð allt eins og frekast varð á kosið. Höfðu plönturnar, sem um vorið voru fluttar í reitinn frá Þórsmörk, dafnað vel og margar hverjar ágætlega. Reyniviðirnir höfðu líka dafnað vel, og þess vegna getur maður gert sér vonir um, að vorið 1937 fáiist fyrstu plönturnar úr reit þessum, en það verður strax til mikilla bóta, að geta fengið plönturnar héðan sunnanlands af því, að áður hefur oft þurft að bíða langt fram á vor eftir plöntum að norðan og austan til mikils óhagraðis fyrir alla.

Frá Múlakoti fór ég að Skarfanesi á Landi til þess að líta á girðinguna um Skarfanessland, sem komið var upp fyrir skógræktarfé að nokkru leyti, en sandgræðslan og

eigandi jarðarinnar kostuðu því til, sem á vantaði. Eftir að girðingin komst upp, fór öll samvinna milli þess opinbera og bónda út um þúfur, og varð því að reyna að finna einhverja lausn á málinu. Líkindi eru til, að sættir takist, en um það skal ekki fjölyrt. Skógræktin lagði fé til girðingarinnar af því, að efst í landinu var skógarteigur, sem kominn var að fótum fram sakir beitar. Um leið og girt var, var gert að skilyrði, að beitarhús, sem áður stóðu í skóginum, skyldu niður lögð, og var það gert. Hefur það haft mjög góðar afleiðingar í för með sér fyrir skóginn. Hann er nú víðast hvar að dafna á nýjan leik, þrátt fyrir, að beit hefur verið stöðug í girðingunni. En vetrarþéttin hefur alveg horfið, eftir að beitarhúsin lögðust niður, og kemur þá hér í ljós, sem víða annarsstaðar, að það er hún, sem verst fer með skógana. Lambhagaskógur, en svo nefnist skógartorfan fyrir ofan Skarfaness, hefur varið land það, sem jörðin stendur nú á, og hefði skógurinn eyðst, gat ekki verið nema tímaspursmál, hvenær jörðin færi í eyði. Þessu hefur nú að nokkru verið við bjargað, en þó ekki nema að hálfu leyti, því að bóndinn hefur verið of skeytingarlaus með að beita girðinguna. En það hefur komið verst niður á sandgræðslusvæðinu, og skal því ekki um það rætt hér.

Áður en ég lýk þessari grein, vil ég í sem fæstum orðum draga saman það, sem gert hefur verið á sviði skógræktarmálanna á síðastliðnu ári. Sakir þess, hve lítið fé var áætlað til framkvæmda, hefur ekki verið unnt að vinna mikið, og ekki einu sinni allt það, sem brýna nauðsyn bar til að gert yrði. Auk þessa voru ýmsar gamlar kvaðir á fjárveitingunni, sem ýmist varð að reyna að fá aflétt eða að fá minnkaðar, og tókst það að nokkru leyti.

Fyrsta verkið á síðastliðnu vori var, að koma upp græðireitnum í Múlakoti, og til þess fóru um 400 metrar af girðingarefni. Tvær aðrar girðingar voru og settar upp, önnur við skólann í Reykholti, en hin um skóglendi gagnfræðaskólans á Ísafirði inni í Tunguskógi. Ennfremur var ofur-

lítið dyttað að nokkrum girðingum annarsstaðar, en þó langtum minna en skyldi. Á Vöglum var komið fyrir kolabrennsluofni, og þar voru lagðir vegir um skóginn. Einnig voru gerðar ráðstafanir til þess, að græðireiturinn yrði starfræktur betur framvegis en áður hefur verið. Á Hallormsstað var græðireiturinn stækkaður með sama fyrir augum. Frá Hallormsstað og Vöglum var selt nokkuð af viði og plöntum, og í Reykjavík var einnig selt töluvert af plöntum á vegum Skógræktarinnar.

Nú á þessu ári hefur fjárveitingin verið hækkuð upp í 23000,00 krónur, og þess vegna verður meira um framkvæmdir á næsta sumri heldur en undanfarin ár, og ef Skógræktinni verður framvegis sýndur sami verðskuldaður sómi, mun hagur hennar fljótt batna, og eftir nokkur ár mun hún geta sýnt, að því fé, sem til hennar er varið, er ekki fleygt á glæ.



Hákon Bjarnason:

Friðun Bæjarstaðarskógar.

Suður úr miðjum Vatnajökli teygir Örafajökull sig allt að því í sjó fram. Er hann girtur miklum söndum á tvo vegu, en við rætur hans eru grasræmur og engjaflákar. Umhverfis fjallið er Örafasveitin eða Örafin, eins og venjulega er að orði komizt. Bæir eru þar fáir og langt á milli þeirra. Á hverjum bæ eru aftur á móti mörg býli, því að mennirnir hafa orðið að þoka sér saman, þar sem lífsbjörgin er mest. Yfirleitt er sveitin mjög hrjóstrug, brattar hlíðar, sundurskornar af skriðjöklum, eru á aðra hönd, en sandar og jökulvötn á hina.

Sagnir eru um, að áður hafi sveit þessi verið miklu stærri og frjórri, en á liðnum öldum hefur Örafajökull, og aðrar eldstöðvar í jöklinum, leikið sveitina og íbúa hennar mjög grátt. Þrisvar eða fjórum sinnum hefur Örafajökull gosið síðan sögur hófust. Þá hefur hann spúið eldi og vikri yfir landið, hleypt jökulhrönnum og vatnsflóð um yfir sveitina með svo miklum fádæmum, að óvída annars staðar á landi hér hafa hamfarir náttúrunnar verið jafnmiklar. Víðáttumikil skóg- og graslendi og mörg fögur býli hafa orpist auri, og ekki hefur Skeiðaráin heldur bætt úr skák, því að nú sverfur hún sí og æ af hinum mjóu gras- og engjablettum, sem liggja við vesturrætur fjallanna, en áður fyrr mun hún sennilega hafa fallið um miðjan Skeiðarársand, án þess að fremja nokkur spjöll.

Inni í krianum milli Örafajökuls og Skeiðarárjökuls

hafa náttúruhamfarirnar ekki verið minni en annarsstaðar; þar er þó nú einna mest og bezt land í allri sveitinni. Innsti bærinn er hið gamla höfuðból Skaftafell, en áður voru nokkrir bæir þar fyrir innan í djúpum dal, sem skerst langt inn í fjöllin og nefnist Morsárdalur. Bæir þessir eru löngu lagðir í eyði, enda er nú allt undirlendi dalsins gróðurlaus jökulaur. Áður fyrr hefur dalur þessi verið með frjósömustu héruðum, því að veðursældin er mjög mikil á þessum slóðum. Og að jafnaði er skjólgott í dalnum, nema þegar vindurinn blæs ofan úr skörðum í dalbotninum, en þá feykir hann oft með sér öllu, sem lauslegt er. Fyrsta orsök þess, að byggð lagðist niður í þessum dal, er ef til vill sú, að lítill skriðjökull tók upp á því að renna sér niður dalbotninn og bera aur niður á undirlendi dalsins. Mjög er sennilegt að jökull þessi, Morsárjökull, sé til orðinn á seinni öldum, því að ómögulegt er að hugsa sér nokkra byggð í dal þessum, ef jökullinn hefur runnið ofan í hann frá því áður en land byggðist. En rétt þar hjá, sem jökullinn steypist nú niður, á jörðin Miðfell að hafa staðið. Um annan bæ vita menn einnig, að hann stóð utar í dalnum norðanverðum, og hét sá Jökulfell eftir samnefndu fjalli þar fyrir ofan. Ekki mun lengra en 100-200 ár síðan sást á bæjarstæði á sléttunni fyrir neðan fjallið. Upp af bæjarstæði þessu stóð þá og stendur enn stór skógur, sem kenndur hefur verið við rústirnar og nefndur Bæjarstaðarskógur.

Samfara eyðingu dalbotnsins hafa hlíðar dalsins einnig blásið upp, og all-mikil sauðfjáreign á næstu bæjum hefur orðið til þess að flýta fyrir eyðingunni. En í hlíðum dalsins hafa áður staðið stórvaxnir skógar, svipaðir því, sem Bæjarstaðarskógur er nú. Mjög eru glögg merki þess, að uppblásturinn hefur byrjað innst í dalnum, og síðan haldið út hlíðarnar beggja megin. Síðustu leifar þessara miklu skóga. er nú Bæjarstaðarskógur yzt í dalnum norðanmegin. Innanvert við skóginn eru berar og blásnar skriður, en eigi all-langt fyrir innan fer að votta fyrir nýgræðingi, og



H. B.

Vestustu torfurnar í Bæjarstaðaskógi, Skarðatindar í baksýn.

stækkar hann og eykst eftir því sem innar dregur í dalinn. Þegar komið er inn undir miðjan dal, er skógurinn orðinn all-vænn og þéttur, þótt hann hvergi nálgist þroska og vöxt trjáanna í Bæjarstaðarskógi. Um hlíðarnar í sunnanverðum dalnum gildir hið sama. Þær hafa byrjað að blása upp innst, og síðan hefur uppblásturinn haldið út dalinn smátt og smátt. En að sunnanverðu hefur gróðrinum miðað skemur í að klæða landið að nýju, sennilegast af því, að þessar hlíðar eru í heimalandi Skaftafells.

Einhver hulinn verndarkraftur hefur teygt tortímingu Bæjarstaðarskógar svo á langinn, að enn eru eftir um 10 hektarar lands af hinu mikla forna skóglendi. Á þessu litla svæði vex nú fegursti skógur landsins. Þroski skógarins, grózka trjáanna, beinvaxnir stofnar þeirra, laufpakið yfir höfði vegfarandans er allt stærra og tilkomumeira en dæmi eru til í öðru skóglendi. Bæjarstaðarskógur stendur eins og heilagur lundur við yztu takmörk hinnar miklu eyðimark-

ar, Skeiðarársands, og ekki eru nema um tveir kílómetrar þangað, sem Skeiðarárjökull steypir sér niður á sandinn. En hátt fjall, milli skógarins og jökulsins, hlífir skóginum frá hættu af völdum hans. En hætta sú, sem að skóginum steðjaði, var uppblásturinn. Svo að segja hvar sem að skóginum er komið, blasa há moldarrof við sjónum. Hæð þeirra er víða um tvær mannhæðir, en eigi óvíða er hæð þeirra þrjár og upp undir fjórar. Þessi mikla hæð moldarrofanna og hin gömlu öskulög, sem í þeim finnast, benda til, að jarðvegurinn sé mjög gamall, og þá um leið, að þarna hafi staðið skógur frá ómunatíð. En úr þessum háu rofum skefur moldina þegar vindur blæs, og þannig hefur skógartorfan verið að smá minnka síðustu aldirnar. Uppblásturinn hefur verið svo hraður, að moldarbarð inni í miðjum skógi færðist 1 meter aftur frá sumrinu 1933 til sumarsins 1934.

Á undanförnum árum hafði komið til mála að friða og girða skóginn, en fallið hafði verið frá því sakir kostnaðar. Skömmu eftir að Skógræktarfélag Íslands var stofnað, fóru tveir af stofnendum þess um Skaftafellssýslur og komu þá við í Bæjarstaðarskógi. Annar þessara manna, Ásgeir L. Jónsson, skrifaði síðar grein um för þeirra í skóginn í Ársrit félagsins, og í þeirri grein farast honum svo orð:

„Er hörmung til þess að vita, að þessi fagri minnisvarði fortíðarinnar, sem hingað til hefur staðizt allar árásir, á nú, á tímabili vaxandi þekkingar og andlegrar menningar, að falla fyrir skeytingar- og áhugaleysi“.

Þessi grein varð til þess, að ég fór tvívegis austur að Skaftafelli til þess að leita hófanna hjá eigendum skógarins um það, með hvaða skilyrðum þeir vildu láta skóginn af hendi til friðunar um ókominn tíma, og einnig til þess að kynnast af eigin sjón, hvernig ástand skógarins væri. Varð mér strax ljóst, að það væri all ískeyggilegt, og eftir dálítið skraf fram og aftur um málið, stóð ekki á áhuga eigendanna til þess að bjarga skóginum. Skaftafellsbændur buðust til að afsala sér allra nytja af honum, ef ein-

hver vildi koma upp girðingu umhverfis hann. En not bændanna af skóginum voru þeim til nokkurs hagræðis, því að í vondum veðrum var fénaður þeirra vanur að leita í skóginn og hafast þar við í góðu skjóli, án þess að þurfa að hrekjast frekar.

Þegar Skógræktarfélagið hafði fengið umboð Skaftafellabænda til þess að leitast fyrir um girðingarmöguleika, leitaði það fyrst hófanna hjá Skógrækt ríkisins. Enda lá beinast við að ætla, að það væri hlutverk hins opinbera að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forða fegursta og gróðursælasta bletti landsins frá eyðileggingu. En ég vil biðja menn að taka eftir því, að Skógrækt ríkisins gat ekki með neinu móti staðið straum af þeim kostnaði, sem af girðingunni mundi leiða, því að fjárframlög ríkisins til skógræktarframkvæmda voru á þessum árum 7500-8000 krónur, eða með öðrum orðum: á síðustu árum hefur ekki verið varið nema 6,8-7,2 aurum á hvert mannsbarn í landinu í þarfir skógræktarmálanna. Úr því, að hið opinbera gat ekki staðið straum af þessu, þóktu mér óvænkast horfurnar á því, að unnt yrði að bjarga skóginum. Á aðalfundi Skógræktarfélagsins í október 1934 minntist ég lítillga á Bæjarstaðarskóg og öngþveiti það, sem hann var í. Taldi ég þá litlar líkur til þess, að hann yrði girtur fyrst um sinn, því að Skógræktarfélagið hefði litlu fé úr að spila, og gæti lítið lagt af mörkum til þess af eigin rammleik. Þá stóð Árni G. Eylands upp og sagði, að merkilegt mætti vera, ef verzlanir þær, sem girðingarefni seldu, vildu ekki leggja lítið eitt af girðingarefni af mörkum ókeypis til jafn merkilegs máls. - Kvaðst hann mundu treysta sér til að útvega nokkurn hluta þess girðingarefnis, sem til þyrfti, á þennan hátt. Síðan var málið rætt fram og aftur og ákveðið, að Skógræktarfélagið gerði það, sem það gæti, til þess að koma girðingarmálinu í framkvæmd. En í fundarlok kom í ljós, að ritara hafði misheyrzt undir ræðu Árna, því að í fundargerðinni stóð, að Árni myndi treysta sér til þess að útvega allt girðingarefn-

ið ókeypis. Árni Eylands stóð þá upp aftur og leiðrétti mishermið, en bætti því við, svo að ekki þyrfti að leiðrétta fundarbókina, þá myndi hann reyna að útvega allt efnið.

Og með hinum alkunna dugnaði sínum tókst Árna á mjög skömmum tíma að útvega loforð fyrir öllu því, sem til girðingarinnar þyrfti. Símaði hann þá til mín og sagði að nú myndi óhætt að hefjast handa og leitast fyrir um fjárstyrk frá einstökum mönnum til þess að standast straum af uppsetningu girðingarinnar. Var þá útbúinn samskotalisti, og blöðin gengust einnig fyrir samskotum, svo að á skömmum tíma aflaðist nóg fé til þess að koma girðingunni upp.

Nú skal skýrt frá nöfnum þeirra manna og fyrirtækja, sem lagt hafa fram, girðingarefni og fé. Þó mun ég ekki tilgreina neinar upphæðir, né hve mikið efni hver hefur lagt af mörkum, en skilagrein fyrir því verður lögð fram á næsta aðalfundi félagsins.

Þessir menn og verzlunarhús hafa lagt fram girðingarefni:

Mjólkurfélag Reykjavíkur, Reykjavík.

Aspelin, forstjóri, Osló.

Samband ísl. Samvinnufélaga, Reykjavík.

Kaupfélag Hallgeirseyjar, Rangárvallasýslu.

Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn.

Kaupfélag Rangæinga, Rauðalæk.

O. Ellingsen, Reykjavík.

Jes Zimsen, Reykjavík.

Málarinn, Reykjavík.

Verzlun B. H. Bjarnason, Reykjavík.

Jón Þorláksson & Norðmann, Reykjavík.

Nathan & Olsen, Reykjavík.

Landsíminn.

Helgi Lárusson, kaupfélagsstjóri, Reykjavík,

Vitamálastofan.

Timburverzlun Árna Jónssonar.

Verzlunin Katla, Reykjavík.

Völundur h.f., Reykjavík.

Flosi Sigurðsson, Reykjavík.

Sigursteinn Magnússon, forstjóri, Leith.

Ensk verzlunarhús.



H.B.

Rofabakki í Bæjarstað. Hæð skógarins er um 6 m á þessum stað og af því má ráða hæð rofanna.

Að því leyti, sem efnisþörf og gjafir stóðust ekki á, var skipt á efni og breytt til þannig, að hægt væri að gera girðinguna vel úr garði.

Skipaútgerð ríkisins gaf útskipun á efninu í Skaftfelling.

Reykjavíkurhöfn gaf eftir hafnargjald af efninu.

H.f. Skaftfellingur flutti efnið ókeypis að Ingólfshöfða.

Kaupfélag Skaftfellinga í Vík gaf uppskipun við Ingólfshöfða.

Auk þess hefur Árni Eylands borið nokkurn kostnað vegna girðingarefnisins.

Með fjárframlögum hafa eftirfarandi menn og verðlanir styrkt þetta málefni:

Smjörlíkisgerðin Svanur h.f.

Smjörlíkisgerðin Ásgarður h.f.

Ragnar Jónsson, Reykjavík.

Smjörlíkisgerðin Ljómi.

H. J. Hólmjárn.

Pétur Halldórsson.
O. Johnson & Kaaber.
I. Brynjólfsson & Kvaran.
Verzl. Björn Kristjánsson.
Verzl. Brynja.
Lárus G. Lúðvígsson, skóverzlun.
J. Þorláksson & Norðmann.
Garðar Gíslason.
S. Kampmann.
Jóhanna Magnúsdóttir.
Brynjólfur Magnússon.
Kol & Salt.
Stephan Stephensen & Jón Þorvarðarson.
Magnús J. Brynjólfsson.
Björn Arnórsson.
Verzl. Edinborg.
Marteinn Einarsson.
Snæbjörn Arnljótsson.
Björn Konráðsson.
Eggert Claessen.
Ellert Schram.
Jóhann Skaptason.
Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu.
Búnaðarsamband Austurlands.

Og að endingu nokkrir, sem ekki vilja láta nafns síns getið, svo sem Þ. Þ., Rósa, B. S., X + Y, Kobbi, og síðast en ekki sízt N. N.

Ennfremur má geta þess, að einn þeirra, sem gefið höfðu drjúgan skerf til girðingarinnar, hr. Sveinn Sveinsson, forstjóri Völundar, kom austur í Bæjarstaðarskóg eftir að girt hafði verið þar, lagði einnig fram drjúgan peningaskerf til þess að leggja veg upp frá aðalhliðinu inn í skóginn.

Lauslega áætlað myndi girðingarefnið, sem Bæjarstaðarskógi var gefið, nema um 1800 krónum, ef kaupa ætti það hér í bæ og flytja austur á sanda, en í samskotum hefur honum borizt 2440 krónur, og nemur því heildarupphæð sú, sem einstakir menn og fyrirtæki hafa lagt af mörk-

um í þágu skógræktar innar til þess að bjarga fegursta skógi landsins, um 4244 kr.

Þann 19. júní í sumar lagði ég af stað austur í Öræfi til þess að sjá um uppsetningu girðingarinnar, og var verk það, ásamt flutningi efnisins, unnið af bændum í Skaftafelli. Vinnan hófst þann 21. júní, en var lokið þann 30. sama mánaðar. Oftast unnu 10-12 manns við uppsetninguna, og var stundum unnið 12 tíma á dag, til þess að koma verkinu af sem fyrst. Lengd girðingarinnar varð um 2200 metrar, og eru um 22 hektarar innan girðingarinnar. Skógurinn þekur ekki nema helming þessa svæðis, en ekki er neinum vafa undirorpið, að á næstu áratugum munu hinar ógrónu skriður umhverfis skóginn gróa upp að nýju og klæðast skógi. Girðingunni er þannig fyrirkomið, að austan við skóginn liggur hún upp bratta hlið, en síðan eftir hjallabrún um 200 metra ofan við skóginn og vestur fyrir hann. Rétt vestan við vestasta rofið sneiðir girðingin niður fjallið. Fyrir neðan og sunnan skóginn liggur hún í skógarjaðrinum, en þegar austar dregur stefnir hún niður á aurana og þaðan beint í girðingarhorn. Allur frágangur girðingarinnar er hinn vandaðasti. Hornstólpar allir eru úr símastauravið, vel vörðum gegn fúa, og er hver þeirra steiptur niður með vírsigum eftir þörfum. Með 50 metra millibili eru aflstaurar úr sama efni, vel hnallaðir niður. Milli aflstaura standa járnstaurar eða tréstaurar með 6 metra millibili. Á staurana er strengt 90 cm hátt þétt riðið vírnet, en yfir því er strengdur einn gaddavírsstrengur. Á girðingunni eru tvö vel smíðuð hlið, annað við gömlu götuna, sem lá upp í skóginn, en hitt í suðausturhorni girðingarinnar.

Kostnaður allur við uppsetningu girðingarinnar nam um 1500 kr., en það, sem inn kom við samskotin umfram þessa fjárupphæð, hefur verið lagt í sjóð til þess að standast straum af viðhaldi girðingarinnar síðar meir. Af girðingarefninu varð ofurlítill afgangur, þegar lokið var við að girða. Nokkuð af því var notað til þess að girða

með gamlan stekk í túnfætinum á Skaftafelli, en í þessum stekk stendur hæsti reyniviður landsins utan í Bæjargilsbarminum. Reyniviðurinn er 10 metrar á hæð með 5 stofnum, og er yndislega fagurt tré. Þótt reyninum sjálfum sé lítil hætta búin vegna skemmda af völdum sauðfjár, þá mun umhverfi hans fríkka mikið við girðingu þessa og friðun.

Áður en lokið er við greinagerð, þessa, vil ég nefna þær tvær aðalástæður, sem mér þóktu brýnastar til þess að Bæjarstaðarskógur væri girtur og honum forðað frá eyðileggingu. Önnur er, að skógur þessi er sá einasti frumskógur landsins, sem getur gefið manni hugmynd um, hvernig skógar fyrri alda hafi litið út, en hin er sú, að upp af fræjum úr Bæjarstaðarskógi vaxa fegurri og beinvaxnari trjáplöntur heldur en af fræjum úr öðrum skóglendum landsins. Býst ég við, að margir hafi veitt því eftirtekt, að trjáplöntur, sem komið hafa frá Hallormsstað á síðustu árum eru langtum betri og beinvaxnari en þær, sem fengust þaðan áður. Orsökina til þessa mun vera sú, að upp á síðkastið hefur skógarvörðurinn á Hallormsstað fengið fræ sunnan úr Bæjarstað.

Einhverjum gæti dottið í hug í sambandi við friðun Bæjarstaðarskógu til lítils sé, að hlúa að jafn afskekktum stöðum, sem þessi skógur er og að fáir munu því njóta ánægjunnar af því að koma þangað. En í Öræfin er ekki lengur jafn torsótt eins og áður var. Nú orðið ganga bílar austur að Kálfafelli í Fljótshverfi, en þaðan er ekki nema 6-7 tíma ferð á hestum austur að Skaftafelli eða í Bæjarstaðarskóg, ef fyrst er þangað farið. Einhver mun ef til vill setja fyrir sig að fara yfir hin miklu vötn, sem eru á síðasta kafla leiðarinnar, en ekki er nein ástæða til þess. Það er orðinn vani hjá öllum, sem slampast hafa yfir þessi vötn, að reyna að telja ókunnugum trú um, að þeir hafi lent í lífsháska miklum og svaðilförum. En mér finnst, að með hinni ágætu leiðsögu Hannesar Jónssonar á Núpsstað yfir Núpsvötnin og ein-



H.E.

Uppblástursrof inni í miðjum Bæjarstaðarskógi.

hverra bændanna úr Skaftafelli yfir Skeiðará eða yfir Skeiðarárjökul, sé ekki meira að fara yfir þessi vötn að sumarlagi heldur en yfir meðal bæjarlæk. En þegar komið er austur yfir sand, fæst að fullu goldin sú áreynsla, sem maður hefur lagt á sig við þetta langa ferðalag. Fyrst ber að skoða Bæjargilið í Skaftafelli hátt og lágt og ekki gleyma því, að ganga upp að Svartafossi, en þar má sjá einhverjar hinar stórkostlegustu og fegurstu stuðlabergs-

myndanir á landi hér. Næst er að fara inn í skóg, og má ekki verja til þess minna en degi, ef njóta á allrar þeirrar unaðssemдар, sem þar er hægt að fá. Og í nánd við skóginn getur lúinn og þreyttur ferðamaður fengið sér heitt steypubað í hitalækjum þeim, sem koma ofan fjalls-hlíðina rétt vestan við skóginn.

Ferðalag austur í Örfæi tekur ekki ýkja langan tíma; þegar ég hef verið fljótastur milli Skaftafells og Reykjavíkur hef ég verið 37 klukkutíma, en þá var vel haldið áfram. Þægilegt er að fara þessa vegalengd á 2 sólarhringum, og sá, sem ræðst í þetta ferðalag, mun seint gleyma því.

Eftir að skilagreinin fyrir gjöfum til Bæjarstaðarskógar hafði verið birt í Útvarpinu, kom til mín maður nokkur, búsettur í Reykjavík, og gaf 50,00 krónur í viðhaldssjóð skógarins. Sagðist hann hafa lofað sjálfum sér því, að hlynna dálítið að Bæjarstaðarskógi, en hann hafði ekki haft handbært fé til þess fyrr en nú.

Að endingu vil ég, fyrir félagsins hönd, færa öllum þeim, sem lagt hafa sitt liðsinni fram til verndunar Bæjarstaðarskógi, beztu þakkir. Ég vil ekki á neinn hátt gera upp á milli styrktarmanna þessa góða málefnis, mér eru þeir allir jafn kærir. En ég hlýt þó að taka fram, að án hinnar ágætu aðstoðar Árna G. Eylands væri máli þessu vart lokið.

Kofoed-Hansen:

Um stofnun skóglendis og friðun skóga.

Í framhaldi af því, sem birt var eftir mig í Ársriti Skógræktarfélagsins 1933-34, langar mig að taka fram það, sem hér fer á eftir.

Í fyrri greininni lýsti ég sáningaraðferðinni, en þar eð aðalatriðið er, að sá fræinu í grasrótina, en ekki í moldina, er í raun, og veru rangt að tala um eina aðferð. Í bókinni, sem ég gaf út 1925, er nefnd önnur aðferð, sem sé sú, að rista grassvörðinn af í röðum, og leggja þökurnar með grasið niður (öfugt) mitt á milli raðanna. Þökurnar eru teknar af á vorin, og eiga að liggja til haustsins. Að þeim tíma liðnum eru raðirnar aftur þaktar með þökunum. Grasið er þá kafnað og rotnað, bæði undan þökunum og af þeim, svo að spildurnar líta nú út eins og gróðurlaus jörð væri. Þá má sá sama haust eða næsta vor. Sé farið að á þennan hátt, þarf aðeins að rista af með tveggja metra millibili, því að sá má bæði þar, sem þökurnar hafa legið og í þökurnar, sem nú eru aftur á sínum stað, og eins og þær voru í upphafi. Hér skal þó gerð sú athugasemd, að bezt mun vera að láta þökurnar liggja heilt ár, frá vori til vors, að minnsta kosti á Suðurlandi, af því, að vetrarveðráttan er þar venjulega umhleypingasöm og oft hlý. Annars ráða menn sjálfir, hve þétt sáðningin á að vera, hvort þeir vilja taka svörðinn



Bændur úr Skaftafelli, sem girtu Bæjarstaðarskóg. H. B.

af endilangt í röðunum, eða aðeins þökur með meters millibili.

